# MOSFELLINGUR

20 ÁRA 2002-2022

14. TBL. 21. ÁRG. FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER 2022 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS


*Ungir uppaldir leikmenn úr Aftureldingu • Framtíð Íslands á knattspyrnuvellinum*

## Fjórir Mosfellingar í landsliðinu

JASON DAÐI, RÓBERT ORRI, ÍSAK SNÆR OG BJARKI STEINN

Fjórir leikmenn, sem uppaldir eru hjá Aftureldingu, komu við sögu í tveimur vináttuleikjum A-landsliðsins Íslands í knattspyrnu á dögunum.

Fyrri leikurinn fór fram þann 6. nóvember þar sem Ísland tapaði 1-0 fyrir Saudi-Arabíu, síðari leikurinn var 10. nóvember við Suður-Kóreu en sá leikur tapaðist líka með einu marki.

**Fyrstu skrefin á stóra sviðinu**

Leikmennirnir, sem allir gengu í Lágafellsskóla, eru Jason Daði Svanþórsson, Róbert Orri Þorkelsson, Ísak Snær Þorvaldsson og Bjarki Steinn Bjarkason. Allir voru þeir að stíga sín fyrstu skref fyrir A-landsliðið nema Jason Daði.

Þessir efnilegu knattspyrnumenn eiga framtíðina fyrir sér en þess má geta að þeir Ísak Snær og Jason Daði eru nýkrýndir Íslandsmeistarar með Breiðabliki ásamt markmanninum Antoni Ara Einarssyni sem einnig var tilnefndur í landsliðshópinn en gaf ekki kost á sér að þessu sinni.

**Atvinnumenn framtíðarinnar**

Ísak Snær samdi nýverið við norska stórliðið Rosenborg, Róbert Orri leikur með Montreal í Kanada og Bjarki Steinn hefur verið í atvinnumennsku hjá ítalska liðinu Venezia síðastliðin tvö ár. Jason Daði er leikmaður Breiðabliks í Bestu deildinni og vitað er af áhuga erlendra liða á þessum efnilega leikmanni.


EIGN VIKUNNAR www.fastmos.is

**Ásland** - fallegt einbýlishús

Mjög fallegt einbýlishús með tvöföldum bílskúr á fallegum útsýnisstað. Eignin skráð 209,1 m2, þar af einbýli 152,5 m2 og bílskúr 56,6 m2. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, snyrtingu, baðherbergi og þvottahús.

**V. 129,9 m.**

Fasteignasala Mosfellsbæjar

FYLGSTU MEÐ OKKUR á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM

2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:
Milwaukee, Dewalt, Metabo, Bosch, Makita, Hikoki og Panasonic

redder Byggingalausnir
Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is

*Mosfellingurinn Helga Möller söngkona og fararstjóri*

## Nýtur lífsins eftir mörg ár í háloftunum

»24


RÉTTINGAVERKSTÆÐI Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS

CAB CABAS

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

# MOSFELLINGUR

www.mosfellingur.is - mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi**: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**
Hilmar Gunnarsson, *hilmar@mosfellingur.is*
**Ritstjórn:**
Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, *annaolof@mosfellingur.is*
Ragnar Þór Ólason, *raggiola@mosfellingur.is*
Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is
**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.
**Umbrot og hönnun**: Mosfellingur ehf.
**Próförk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

*Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.*

**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsti Mosfellingur kemur út 8. desember


# Ég hlakka svo til...

Að undanförnu hefur tökulið verið á ferðinni í Mosfellsbæ að taka upp nýja sjónvarpsþætti sem nefnast Afturelding. Hrikalega spennandi verkefni hjá Dóra DNA og félögum. Stórskotalið leikara kemur við sögu og söguþráðurinn forvitnilegur. Um er að ræða átta þætti sem frumsýndir verða um páskana. Það er ekki við öðru að búast en að þættirnir verði mikil upplyfting fyrir ungmennafélagið okkar og bæjarfélagið í heild. Mikið tilhlökkunarefni.

En fyrst eru það jólin, sem eru eftir rúman mánuð. Skreytingum fjölgar nú með hverjum deginum sem líður. Ekki veitir af í þessu skammdegi sem fram undan er. Jólagarðurinn við Hlégarð sló heldur betur í gegn í fyrra og verður leikurinn endurtekinn í ár. Hugmyndin kom úr lýðræðisverkefninu Okkar Mosó. Stefnt er að því að lýsa upp garðinn um helgina enda hátíð ljóss og friðar handan við hornið.
Ég hlakka svo til...

*Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings*


ÍSFUGL

www.isfugl.is

KJÚKLINGUR KALKÚNN UM ÍSFUGL ÍSFUGLSBÆNDUR


## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

### MOSFELLSPÓSTURINN 1983

Fréttin er nærri því 40 ára gömul. Mosfellssveitin er að taka örum breytingum og ýmsar nýjungar að skjóta upp kollinum. Ein var sú að setja upp hraðahindranir og var sú fyrsta sett í Langatanga. Textinn frá íbúa í Tangahverfi fylgir og athugasemd ritstjóra.

**Mér finnst** — LESENDUR HAFA ORÐIÐ

Hin nýja hraðahindrun á Laugatanga og raunar sú eina sinnar tegundar í Mosfellssveit. Vera má að hindrunin sé nokkuð brött en menn verða bara að gæta að sér og aka varlega. MP mynd A.Bj.

**Of brött hraðahindrun?**

**Íbúi í Tangahverfi hringdi:**

Nú hefur verið komið fyrir hraðahindrun á Langatanga. Það er ekki nema allt gott um það að segja að slíkar hindranir séu settar upp. En bæði mér og mörgum öðrum ökumönnum þykir sem nokkuð mikill hæðarmunur sé á þessari hraðahindrun. Okkur finnst einnig að hún sé ekki nægilega vel merkt.

Ef ökumenn gá ekki að sér og aka of hratt yfir hindrunina geta þeir hreinlega lent út af!

**Aths. ritstjóra:**

Er það ekki einmitt tilgangurinn með hraðahindrun, að hún sé á þann veg að ökumenn minnki hraðann?

Hins vegar getum við alveg fallist á þá skoðun að þessi hindrun sé í það hæsta. Þeim mun meiri ástæða er til að fara gætilega yfir hana.

Búast má við, að eftir að smur- og benzinstöðin við Vesturlandsveg tekur til starfa, aukist umferð þarna til muna, og því gott að ökumenn séu orðnir vanir hindruninni.

Skopteikningin sýnir svo afleiðingar og reynslu af því, sem þessi nýjung í bæjarumferðinni hefur í för með sér.
Enn er ekki vitað hver gerði myndina. Líklegast var að Pétur Baldvinsson í Lágholti 5 væri höfundur hennar. Eftir samtal við Pétur minnist hann þess ekki að hafa teiknað myndina. *Vinsamlegast sendið upplýsingar ef einhver þekkir teiknarann.*

*„Hraðahindrunin á Langatanga hefur orðið til þess að nýjar og áður óþekktar atvinnugreinar blómstra í Mosfellssveit" voru skilaboðin sem við fengum send með þessari skemmtilegu teikningu. (MP1983)*

**Umsjón:** Birgir D. Sveinsson *(birgird@simnet.is)*

## HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?




# Fasteignasala Mosfellsbæjar

**Svanþór Einarsson**
Lögg. fasteignasali

**Sigurður Gunnarsson**
Lögg. fasteignasali

**Theodór Emil Karlsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala

Fasteignasala Mosfellsbæjar

## VOGATUNGA 30

Fallegt og vel skipulagt 158,2 m2 raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Góð staðsetning í rólegum botnlanga. Gott skipulag. Fallegar innréttingar. Seljandi skoðar skipti á minni eign í Mosfellsbæ.

**V. 105,9 m.**

## KVÍSLARTUNGA 8

Mjög fallegt 312,2 m2 einbýlishús á einni hæð með stórum innbyggðum bílskúr á frábærum stað. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, gestasnyrtingu, fataherbergi, þvottahús og bílskúr. Fallegar innréttingar. Vönduð tæki. Góð lofthæð.

**V. 185,0 m.**

## VOGATUNGA 107

Fallegt og vel skipulagt 236,7 m2 6 herberja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. Tvö eldhús og tvö baðherbergi.

**V. 129,9 m.**

## REYKJAMELUR 14 - FALLEGT PARHÚS

Mjög fallegt 150,0 m2 parhús á einni hæð með bílskúr í byggingu á frábærum stað innst í botnlanga. Gott skipulag. Eignin afhendist samkvæmt skilalýsingu seljanda rúmlega tilbúin til innréttinga á byggingarstigi 5, en auk þess verður eignin fullmáluð og búið að ganga frá rafmagni. Lóð verður grófjöfnuð.

**V. 89,9 m.**

## LAXATUNGA 155

Vel skipulagt raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Eignin er vel skipulögð og skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, þvottahús, eldhús, stofu og bílskúr. Gólfhiti, mikil lofthæð og innfelld lýsing sem gerir eignina bjarta og skemmtilega.

**V. 129,9 m.**

## KLAPPARHLÍÐ 6

Bjart og fallegt 168,5 m2 raðhús á tveimur hæðum. Fallegt útsýni. Hús með möguleika á 4 svefnherbergjum (eru í dag 3 svefnherbergi + sjónvarpshol).

**V. 114,9 m.**

## GRENIBYGGÐ 26

Fallegt og vel skipulagt 164,5 m2 parhús með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu.

**V. 109,9 m.**

## TRÖLLATEIGUR 20

Rúmgóð og björt 121,5 m2 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt rúmgóðu bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, eldhús, stofu, borðstofu, baðherbergi, þvottahús og tvær geymslur í sameign.

**V. 72,9 m.**

## LILJUGATA 1

Nýleg 110,3 m2 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi, íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi/þvottaherbergi, forstofu, eldhús og stofu/borðstofu. Sérgeymsla í sameign. Rúmgóð timburverönd í suðurátt.

**V. 75,9 m.**

## URÐARHOLT 7

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi, ásamt bílskúr. Eignin er skráð 113,3 m2, þar af íbúð 91 m2 og bílskúr 22,3 m2. Íbúðin er mikið endurnýjuð að innan og húsið nýviðgert að utan.

**V. 64,9 m.**

## SKÁLAHLÍÐ 35

Skálahlíð 35 - 270 Mosfellsbær 799,5 m2 byggingarlóð á fallegum stað undir einbýlishús á rólegum stað í botnlanga þar sem eingöngu eru einbýslishús. Heimilt er að byggja allt að 300 m2 einbýlishús á lóðinni.

**V. 29,9 m.**

## BRÚARFLJÓT 20

51,2 m2 geymsluhúsnæði. Engin vsk-kvöð er á eigninni. Góð lofthæð sem gefur möguleika á að setja upp geymsluloft. Tvær innkeyrsluhurðir og ein inngönguhurð.

**V. 24,9 m.**

## BRÚARFLJÓT 18

51,2 m2 geymsluhúsnæði. Góð lofthæð. Tvær innkeyrsluhurðir og ein inngönguhurð. Svæðið er allt malbikað og verður afgirt með tveimur rafdrifnum hliðum. Tvö einkastæði á lóð fylgja. Leiguverð er **159.000** + hússjóður. Hiti og rafmagn innifalið í hússjóði.

## Tendrun jólatrés á Miðbæjartorgi

Ljósin verða tendruð á jólatré Mosfellsbæjar á Miðbæjartorginu laugardaginn 26. nóvember. Tendrun ljósanna á jólatrénu á Miðbæjartorginu hefur um árabil markað upphaf jólahalds í bænum og á sér fastan sess í hjörtum bæjarbúa sem fjölmenna á viðburðinn ár hvert. Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar fyrir gesti og gangandi frá kl. 15:30 í Kjarna en kl. 16:00 hefst dagskrá á sviði á Miðbæjartorginu. Börn úr forskóladeild Listaskóla Mosfellsbæjar verða með tónlistaratriði, Jógvan Hansen tekur nokkur jólalög og gera má ráð fyrir að einhverjir jólasveinanna muni koma ofan úr Esju þennan dag til að kíkja á krakkana í bænum. Eftir að dansað hefur verið í kringum jólatréð verður haldið inn í Kjarna þar sem Afturelding sér um sölu á heitu kakói, kaffi og vöfflum.

## Boða til opins fundar um aðstöðumál

Aðalstjórn Aftureldingar hefur boðað til opins fundar um aðstöðumál félagsins. Fundurinn fer fram í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar miðvikudaginn 23. nóvember kl. 20. Fundurinn er boðaður eftir að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar næstu fjögur árin hefur verið lögð fram. „Vonbrigðin eru gríðarleg svo ekki sé dýpra í árinni tekið," segir Birna Kristín Jónsdóttir í aðsendri grein í Mosfellingi í dag. „Við erum orðin langþreytt á að bíða eftir tímasettri framtíðarsýn Mosfellsbæjar sem margsinnis hefur verið kallað eftir. Við í Aftureldingu sjáum okkur því knúin til að boða til opins fundar um aðstöðumálin okkar til þess að freista þess að opna augu fólks fyrir því hvernig raunstaðan er, á sama tíma gefst kjörnum fulltrúum tækifæri á að útskýra betur fyrir okkar félagsmönnum þeirra framtíðarsýn."

*Ný íslensk þáttaröð frumsýnd um páskana • Mikið tilstand í Mosfellsbæ að undanförnu*

# Tökur á þáttunum Afturelding

Þættirnir Afturelding eru leiknir sjónvarpsþættir um fallna þjóðhetju úr handboltanum, Skarphéðin, sem kyngir stoltinu og tekur við þjálfun kvennaliðs Aftureldingar, sem hann telur vera langt fyrir neðan sína virðingu.

Þættirnir eru átta talsins og hugarfóstur Halldórs Laxness Halldórssonar og Hafsteins Gunnar Sigurðssonar. Fyrirhugað er að þættirnir verði frumsýndir á RÚV næstu páska.

Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Svandís Dóra Einarsdóttir, Saga Garðarsdóttir, Vala Kristín Eiríksdóttir og Sverrir Þór Sverrisson.

„Okkur langaði að segja sögur af alvöru fólki, sértækum atburðum og stórum hugmyndum - en allt í litlu bæjarfélagi og við getum ekki beðið eftir því að sýna fólki afraksturinn," segir Dóri DNA.

DÓRI, GAGGA OG HADDI
- HEILARNIR AÐ BAKI AFTURELDINGU

INGVAR, SAGA, SVANDÍS OG SVEPPI FARA MEÐ HLUTVERK ÞJÁLFARA OG LEIKMANNA Í ÞÁTTUNUM

*Lengi fundið fyrir eftirspurn úr Mosfellsbæ • Opnunardagurinn sá stærsti í sögu Huppu*

# Huppa hefur opnað í Mosó

Á dögunum opnaði í Háholti 13 í Mosfellsbæ níunda ísbúð Huppu, en fyrsta útibú Huppu opnaði á Selfossi árið 2013.

„Við höfum lengi fundið fyrir eftirspurn eftir að opna Huppu í Mosfellsbæ. Þegar okkur bauðst svo þetta frábæra húsnæði þá slógum við til. Við erum að fá alveg ótrúlega góðar móttökur frá Mosfellingum og erum alsæl og þakklát fyrir það. Það er gaman að segja frá því að opnunardagurinn var sá stærsti frá upphafi Huppu," segir Telma Finnsdóttir, einn eiganda Ísbúðarinnar Huppu.

**Níunda Huppubúðin**

Ísbúðin Huppa er fjölskyldufyrirtæki sem hefur vaxið og dafnað frá opnun fyrstu Huppubúðarinnar. „Þegar við opnuðum fyrstu búðina þá ákváðum við að nefna hana eftir Huppu, frábærri mjólkurkú á bóndabæ ömmu og afa í fjölskyldu okkar. Við opnuðum svo fljótlega útibú í Álfheimunum í Reykjavík, ævintýrið hélt áfram og nú er svo komið að Huppa er á níu stöðum. Þar streymir einstakur Huppísinn kaldur og góður alveg eins og hann gerði í fyrstu Ísbúð Huppu á Selfossi."

**Frábært starfsfólk**

„Við erum einstaklega heppin með mannauðinn hjá okkur. Þegar við auglýstum eftir starfsfólki voru viðbrögðin frábær, við héldum opinn viðtalsdag núna í október og það komu um 70 manns. Við erum komin með frábæran hóp af fólki sem við hlökkum til að vinna með og hlakkar jafnframt til að þjónusta Mosfellinga.

Takk Mosó fyrir viðtökurnar, Huppa er glöð að vera komin," segir Telma að lokum en opnunartími Huppu er kl. 14-22 alla virka daga og 12-23 um helgar.

KOLFINNA RUT VERSLUNARSTJÓRI HUPPU Í MOSFELLSBÆ

## KIRKJUSTARFIÐ

WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

**Sunnudagur 20. nóvember**
*Lágafellskirkja*
Kl. 13: Dans sunnudagaskóli.
Kl. 20: Íhugunarguðsþjónusta. Umsjón: Sr. Henning Emil Magnússon og söngkonan Margrét Árnadóttir syngur.

**Sunnudagur 27. nóvember**
Kl. 11: Sálmabókarguðsþjónusta í Mosfellskirkju. Prestur: Sr. Arndís Linn.
Kl. 13: Sunnudagaskóli Lágafellskirkju.

**Sunnudagur 4. desember**
*Lágafellskirkja*
Kl. 13: Orgel sunnudagaskóli.
Kl. 20: Aðventukvöld Lágafellssóknar. Umsjón: Sr. Henning Emil Magnússon og Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir guðfræðingur flytur hugvekju.

**Kyrrðarbænanámskeið í Mosfellsbæ**
Laugardaginn 19. nóvember kl. 10-15 í safnaðarheimilinu, Þverholti 3, 3. hæð. Verð: 4.000 kr.
Innifalið er léttur hádegismatur og námsgögn.

**Kyrrðardagar í Mosfellskirkju**
Kyrrðardagar laugardagana 26. nóvember og 3. desember kl. 9-11. Nánari upplýsingar á heimasíðu.

**Foreldramorgnar** (sjá auglýsingu)
Miðvikudaga kl. 10-12 í safnaðarheimilinu. Kríli og krútt í fylgd með fullorðnum velkomin!

# COMPASS ER ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI

Jeep®

**JEEP® COMPASS TRAILHAWK**

**EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!**

## ALVÖRU JEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep® 4xe Plug-In Hybrid jepparnir henta fjölskyldum við íslenskar aðstæður um allt land. Farðu hvert sem er á rafmagninu.

4xe
**PLUG-IN HYBRID**

# RAFMAGNAÐUR WRANGLER TIL AFHENDINGAR STRAX!

Jeep®

**JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID**

**35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI**

## RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR JEEP®

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.
Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

4xe
**PLUG-IN HYBRID**

ISBAND

**ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS**
**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16**

## Stofnun hagsmunasamtaka Álafoss

Þann 2. nóvember var haldinn stofnfundur Hagsmunasamtaka Álafoss, í skátaheimili Mosverja í Álafosskvos. Um er að ræða félagasamtök sem enginn atvinnurekstur er af, en í samþykktum félagsins segir m.a.: Tilgangur félagsins er að vera málsvari Álafosskvosar og standa vörð um sameiginleg hagsmunamál íbúa, eigenda fasteigna og rekstraraðila í Álafosskvos. Félagið skal standa vörð um menningarverðmæti og sögulega arfleifð Álafosskvosar. Einnig skal félagið efla félagsleg tengsl íbúa og hagsmunaaðila á svæðinu.
Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að funda reglulega um málefni sem varða sameiginlega hagsmuni svæðisins og skapa þar umræðuvettvang fyrir íbúa, eigendur og rekstraraðila á svæðinu. Jafnframt skal félagið vera samstarfsaðili við bæjarfélagið og önnur yfirvöld.
Á fundinum var kjörin fyrsta stjórn samtakanna, en í henni sitja Anna Halldórsdóttir, Birta Fróðadóttir, Jóel Sigurðsson, Ólöf Björg Björnsdóttir og Sigurjón Axelsson.

# Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum í lok október síðastliðins að gera stjórnsýslu- og rekstrarúttekt hjá Mosfellsbæ.

*Regína Ásvaldsdóttir*

Tilgangur úttektarinnar er að fá fram mat á núverandi stöðu sveitarfélagsins og leiða fram hvernig stjórnsýsla Mosfellsbæjar virkar í dag gagnvart íbúum, stofnunum bæjarins, hagsmunaaðilum, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum. Jafnframt að setja fram á grunni stöðumatsins tillögur að umbótum sem eru til þess fallnar að efla starfsemi bæjarins. Loks þarf úttektin að leiða fram helstu áhættur í rekstri Mosfellsbæjar og mat á fjárfestingagetu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma.

Í greinargerð með tillögunni segir að fram undan séu stór og krefjandi uppbyggingarverkefni og nauðsynlegt að stjórnsýsla bæjarins verði í stakk búin til að takast á við þau. Enn fremur er lögð áhersla á að efla umgjörð og þjónustu við börn með innleiðingu farsældarlaga og að áhrif þeirra sjáist með skýrum hætti í stjórnkerfi bæjarins. Þá er lögð áhersla á skilvirkt nefndarstarf og aukna aðkomu bæjarbúa að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stjórnsýslu- og rekstrarúttektinni er ætlað að vera eins konar stöðumat sem verður grunnur til umbóta í stjórnsýslu og rekstri.

Að sögn Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra hefur verið leitað til þriggja aðila með verðkönnun á úttektinni. Í mati á vali á úttektaraðilum vegur tillaga að úrlausn verkefnisins 50%, verðið 25% og reynsla úttektaraðila 25%. Frestur til að skila tilboði er til 15. nóvember næstkomandi.

# Glöddu heimilisfólk á Hömrum

Verkefnanefnd rótarýklúbbs Mosfellssveitar ásamt nokkrum öðrum félögum klúbbsins bauð upp á vöfflukaffi á hjúkrunarheimilinu Hömrum þann 10. nóvember.

Tekið var fagnandi á móti félögum og vöfflunum gerð góð skil. Á heimilinu dvelja 33 einstaklingar sem ekki geta lengur dvalið í heimahúsi vegna veikinda. Eftir kaffið þyrptist fólkið í kringum Þorkel Magnússon sem las fyrir þau sögu eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson.

Þarna áttu rótarýfélagar og heimilisfólk góða stund og þakkaði heimilisfólk vel fyrir sig að samverustund lokinni. Öll tilbreyting er vel þegin af þessum hópi sem erfitt á að sækja viðburði út fyrir heimilið.

## Kvikmynd um landbúnað á svæðinu

Búnaðasamband Kjalarnesþings hefur gert kvikmynd um sögu og þróun landbúnaðar á svæði félagsins. Í myndinni Jörðin og við – Búsæld við borgarmörkin er stuttlega spönnuð saga Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Þar sést að mikill hugur er í ungu fólki að starfa við landbúnað til framtíðar, áhorfendur fá innsýn í líf bænda sem stunda fjárbúskap – jafnvel í Reykjavík, nautgriparækt, hrossarækt, fuglarækt, svínarækt, minkarækt og æðarfuglarækt, ræktun matjurta á gamla mátann og gróðurhúsarækt þar sem mannshöndin kemur varla nærri. Rifjaðir eru upp gamlir tímar með brotum úr gömlum íslenskum myndum, sem sýna þá gjörbyltingu sem átt hefur sér stað í landbúnaði á Íslandi á ekki lengri tíma en einni öld. Myndin er frumsýnd í Bíó Paradís um helgina.


# Jólamarkaður í Kjarna

## LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER KL. 10-17

*Sjálfstæðisfélag Mosfellinga stendur fyrir jólamarkaði í Kjarnanum (við hliðina á Bókasafninu)*

Kveikt verður á jólatré Mosfellinga á Miðbæjartorginu kl. 16:00 og því tilvalið að kíkja við og upplifa notalega stemningu á aðventunni.

Þeir sem hafa áhuga að vera með bás til að selja og bjóða sínar vörur geta sent póst á eva@podium.is fyrir 20. nóvember.

# ALVÖRU JÓLABALL

# Á MÓTI SÓL & PAPARNIR

## HLÉGARÐUR MOSFELLSBÆ
## 17. DESEMBER

MIÐASALA Á TIX.IS

tix.is

prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA

BOLI
2,25%VOL.

## Lions býður upp á fría blóðsykursmælingu

Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ bjóða upp á fríar blóðsykursmælingar í Bónus í dag, fimmtudaginn 17. nóvember milli kl. 17:00 og 19:00. Sykursýki er oft falin en mikilvægt er að greina á byrjunastigi svo koma megi í veg fyrir alvarlegar aukaverkanir. Sykursýki er efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Orsök sykursýki er ekki þekkt og sjúkdómurinn er ólæknandi en með réttri meðhöndlun er hægt er að halda sjúkdómnum í skefjum og forðast fylgikvilla. Sykursýki 1 getur greinst hvenær sem er á lífsleiðinni. Um er að ræða sjálfsofnæmissjúkdóm sem þýðir að líkaminn hefur brugðist við utanaðkomandi áreiti með myndun mótefna sem síðan taka þátt í að eyðileggja vissar frumur líkamans hratt og örugglega. Sykursýki af tegund 2 er vaxandi vandamál í heiminum öllum. Það er þó farið að hægja á greiningu nýrra tilfella á vissum svæðum eins og í hinum vestræna heimi en heildarfjöldinn sem er með þennan langvinna sjúkdóm er þó enn að aukast. Heildarbyrði þjóðfélagsins er þannig að aukast. Lionshreyfingin leggur hér lið. Þótt við þekkjum öll dæmi um að beinar blóðsykurmælingar hafi svipt hulunni af ógreindri sykursýki einstaklinga er ekki síður mikilvægt að fræða og vekja athygli almennings með fjölbreyttum hætti.

*Fimm höfundar mæta í Bókasafnið • Upphafið að jólunum í hugum margra Mosfellinga*

# Bókmenntahlaðborð loks á ný

Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar verður haldið þriðjudaginn 22. nóvember, eftir tveggja ára hlé sökum samkomutakmarkana sem voru í gildi vegna Covid-19 heimsfaraldursins.

Bókmenntahlaðborðið hefur ávallt verið vinsæll viðburður og fyrir mörgum upphafið að jólunum. Húsið verður opnað kl. 19.30 og dagskrá hefst kl. 20. Áður en dagskrá hefst leika Sigurjón Alexandersson og Þorgrímur Jónsson ljúfa tóna á gítar og bassa.

Fimm höfundar lesa upp úr verkum sínum og taka þátt í umræðum að þessu sinni. Rithöfundarnir eru þau Benný Sif Ísleifsdóttir með bók sína Gratíana, Einar Kárason með Opið haf, Ragna Sigurðardóttir með Þetta rauða, það er ástin, Sigríður Hagalín Björnsdóttir með Hamingja þessa heims og Stefán Máni með Hungur. Sunna Dís Másdóttir, skáld og gagnrýnandi Kiljunnar, stýrir umræðum.

Boðið verður upp á notalega stemningu, kertaljós og veitingar að hætti bókasafnsins. Ókeypis er á viðburðinn og öll velkomin meðan húsrúm leyfir.

ÞÉTT SETIÐ Í BÓKASAFNINU FYRIR COVID

*Sjálfsvörn, Reykjalundardeild SÍBS, gefur ýmis tæki sem koma að góðu gagni*

# Góðar gjafir til Reykjalundar

FORMLEG AFHENDING TÆKJANNA

Fulltrúar frá Sjálfsvörn mættu færandi hendi á Reykjalund í vikunni en félagið færði Reykjalundi að gjöf ýmis tæki sem koma að góðu gagni í daglegu starfi.

Um er að ræða meðferðarbekk, þrjá súrefnismæla og fimm innúðavélar fyrir lungnasjúklinga, hljóðstöng fyrir hjúkrunarsambýlið Hlein, hljóðnema og hjartsláttarmæli fyrir heilsuþjálfun og handæfingatæki fyrir iðjuþjálfunardeildina. Meðfylgjandi mynd var tekin við formlega afhendingu tækjanna.

Sjálfsvörn er Reykjalundardeild SÍBS og var félagið stofnað árið 1945. Félagsmenn eru bæði fólk sem hefur verið í meðferð á Reykjalundi og aðstandendur þeirra sem og fyrrverandi og núverandi starfsfólk Reykjalundar. Reykjalundur sendir kærar þakkarkveðjur til félaga í Sjálfsvörn.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNDAN Í STARFINU

### BASAR 2022

Hinn árlegi basar verður haldinn ***laugardaginn 19. nóv kl. 13:30-16:00*** inni í félagsstarfinu Hlaðhömrum 2. Fallegar handunnar vörur á afar góðu verði og úrvalið fjölbreytt. Eftir basarinn verða þær vörur sem eftir eru til sölu í basarbúðinni okkar í félagsstarfinu ***alla virka daga frá 11:00-16:00.*** Allur ágóði fer til þeirra sem þurfa aðstoð í bænum okkar. Kór eldri borgara, Vorboðarnir, syngur fyrir gesti. Kaffisala á vegum kirkjukórsins verður í matsal.

### Útsaumsklúbbur

Við hittumst alla ***miðvikudaga kl. 12:30.*** Endilega vertu með okkur í félagsstarfinu Hlaðhömrum 2. Við höfum stofnað útsaumsklúbb þar sem við getum saumað út, applikerað og margt fleira og aldrei að vita hvað bætist við. Eitthvað efni er á staðnum en auðvitað er best að koma með sitt eigið. Ef þú hefur áhuga á að vera með okkur að sauma, kíktu þá á okkur á miðvikudögum.

### Markaðsdagur Félagsstarfsins

Þann ***6. desember milli kl. 13:00-16:00*** býðst aðilum að koma og selja vörur sínar á markaðsdegi okkar. Ef þú ert með eitthvað spennandi og skemmtilegt að selja, endilega hafðu samband við Elvu í síma 586-8014/698-0090.

### Námskeið *í vef- og tæknilæsi*

Skráning á námskeið eftir áramót á vegum Promennt. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur ákveðið að fara í átak varðandi kennslu í tölvulæsi fyrir eldri borgara. Um er að ræða sérsniðna kennslu sem hjálpar fólki um allt land að nýta sér rafræna þjónustu og samskipti á netinu með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun, læra að njóta afþreyingar á netinu og auka notkun á þjónustusíðum. Kennslan er fyrir fólk eldra en 60 ára sem hefur þörf á námskeiði í tæknilæsi á snjalltæki, t.d spjaldtölvur og snjallsíma. ***Námskeiðin eru haldin í 4 skipti, í tvo tíma í senn í borðsal Eirhamra kl. 13:00-15:00.*** Um er að ræða tvö aðskilin námskeið, annars vegar fyrir þá sem eiga APPLE síma og tölvur og hins vegar fyrir ANDROID (t.d Samsung og LG símar). Endilega látið skrá ykkur og hringt verður í viðkomandi þegar þau byrja. Skráning á elvab@mos.is eða í síma 6980090. Námskeiðið er ókeypis.

### Gaman saman *dagskrá*

Gaman saman til áramóta haldin til skiptis í borðsal Eirhamra Hlaðhömrum 2 og í safnarheimilinu Þverholti 3, 3. hæð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. 17. nóv kl. 13:30, borðsalur Hlaðhömrum 2. Helgi R. Einarsson kemur og spilar ásamt börnum úr leikskólum bæjarins. 24. nóv kl. 14:00, safnaðarheimilinu Þverholti 3, 3. hæð. Halldór Reynisson kemur og heldur fyrirlestur um sorgina. 1. des. kl. 13:30, borðsalur Hlaðhömrum 2. Helgi R. Einarsson kemur og spilar ásamt börnum úr leikskólum bæjarins 8. des. kl 14:00, safnaðarheimilinu Þverholti 3, 3. hæð. Vöfflur og jólatónlist sem Þórður Sigurðsson organisti stjórnar.

### JÓLABINGÓ Á BARION

***Miðvikudaginn 14. desember kl. 15:00.*** Bingónefnd FaMos ásamt Hilmari Gunnarssyni gestabingóstjóra ætla að halda skemmtilegt JÓLABINGÓ Þverholti 1. Aðgangseyri er 1.000 krónur og innifalið er 1 stk. bingóspald, kaffi og meðlæti. Aukaspjald á 300 kr. Glæsilegir vinningar í boði.

### Félagsvist

Félagsvist er spiluð ***alla föstudaga kl. 13:00*** hjá okkur í borðsal Eirhamra Hlaðhömrum 2. Allir velkomnir.

### Gönguhópur

Gönguhópur 60+ fer ***alla miðvikudaga kl. 13:00*** frá Fellinu/ Varmá. Gangan hentar öllum. Allir velkomnir með, jafnt byrjendur sem lengra komnir. Hlökkum til að sjá þig.

### ATHUGIÐ!

Minnum á að félagsstarfið Eirhömrum er ***opið alla virka daga kl. 11:00-16:00 og föstudaga kl. 13:00-16:00***. Þangað eru allir velkomnir. Leiðbeinendur í handavinnu eru öllum innan handar ef þörf þykir. Endilega rjúfum félagslega einangrun og komum saman.

**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir* tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.

**FÉLAG ALDRAÐRA**
**í Mosfellsbæ og nágrenni**
*famos@famos.is*
*www.famos.is*

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður
s. 666 1040 *jonass@islandia.is*

**Jóhanna B. Magnúsdótti**r varaformaður
s. 899 0378 *hanna@smart.is*

**Kristbjörg Steingrímsdóttir** ritari
s. 898 3947 *krist2910@gmail.com*

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri
s. 898 8578 *thorsteinn.birgis@gmail.com*

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** meðstjórnandi
s. 892 9112 *gunnasjana@simnet.is*

**Áshildur Þorsteinsdóttir** varamaður
s. 896 7518 *asath52@gmail.com*

# OPINN FUNDUR

## UM AÐSTÖÐUMÁL AFTURELDINGAR

Eftir að hafa kynnt okkur fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar næstu fjögur árin sjáum við í Aftureldingu okkur knúin til að boða til opins fundar um aðstöðumálin okkar til þess að freista þess að opna augu fólks fyrir því hvernig staðan er. Á sama tíma gefst kjörnum fulltrúum tækifæri á að útskýra betur fyrir okkar félagsmönnum þeirra framtíðarsýn.

**Fundurinn fer fram miðvikudaginn 23. nóvember í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar kl. 20:00. Við hvetjum alla sem áhuga hafa á aðstöðumálunum okkar að mæta.**

*Aðalstjórn Aftureldingar*

## FKA kallar eftir tilnefningum

Opnað hefur verið fyrir tilnefningar fyrir Viðurkenningarhátíð FKA 2023. Hafðu áhrif á val á FKA viðurkenningarhöfum. Hvaða þrjár konur verða heiðraðar og valdar úr hópi tilnefndra kvenna kemur í ljós á næstu Viðurkenningarhátíð FKA á Grand hótel þann 26. janúar 2023. Félag kvenna í atvinnulífinu heldur markvisst áfram að skrifa konur inn í söguna. FKA kallar eftir tilnefningum frá almenningi og atvinnulífinu sem dómnefnd mun meta og á endanum velja konur sem hljóta FKA þakkarviðurkenningu, FKA viðurkenningu og FKA hvatningarviðurkenningu. Opnað hefur verið fyrir tilnefningar og hægt er að tilnefna konur í öllum flokkum, eða bara eina, til og með 24. nóvember 2022. Nánar á www.fka.is.

## Götulýsingarþjónusta boðin út

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að fela umhverfissviði að segja upp samkomulagi við ON um götulýsingu og að hafinn verði undirbúningur að útboði á hönnun, nýframkvæmd og rekstri götulýsingarþjónustu. Áður hafði ON óskað eftir því að Mosfellsbær tæki afstöðu til þess hvort sveitarfélagið væri tilbúið til þess að framselja götulýsingarþjónustu til mögulegs nýs eiganda á núverandi götulýsingareiningu ON.

MOSFELLINGUR

ÚTGÁFUDAGAR TIL ÁRAMÓTA

8. DES.

22. DES

*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

*Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar • Gert ráð fyrir afgangi • Fyrsta áætlun nýs meirihluta*

# Áhersla á grunnþjónustu og uppbyggingu innviða 2023

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2023 og næstu þrjú ár þar á eftir var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 9. nóvember.

Áformað er að A- og B-hluti verði rekinn með 548 m. kr. afgangi á næsta ári. Fjárfest verður fyrir rúma fjóra milljarða króna. Þetta segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

### Heildstæð uppbygging íþróttasvæða

Meðal áherslna á kjörtímabilinu er heildstæð uppbygging íþróttasvæða í bæjarfélaginu, umfangsmiklar framkvæmdir vegna fjölgunar íbúða- og atvinnulóða, aukning á leikskólaplássum og bygging búsetuúrræða fyrir fatlað fólk. Enn fremur er gert ráð fyrir stofnframlögum til óhagnaðardrifinna félaga. Þá verður unnið að því að Mosfellsbær hljóti viðurkenningu sem Barnvænt samfélag á kjörtímabilinu.

Á árinu 2023 verður ráðist í fjögurra milljarða fjárfestingu sem skiptist í gatnagerð fyrir rúmlega einn milljarð í Helgafellslandinu og í miðbænum, um 500 milljónir í lagningu hitaveitu, vatns- og fráveitulagna ásamt raf- og fjarskiptalagna í Korputúni sem er atvinnusvæði og hluti af Blikastaðalandinu.

### Fjárfest í innviðum

Þá verða settar 500 milljónir í endurbætur í Kvíslarskóla en ráðast þurfti í umfangsmiklar viðgerðir þar vegna leka. Meðal annars verða gluggaskipti á fyrstu og annarri hæð og ný innrétting í eldhúsi og mötuneytisaðstöðu á fyrstu hæð.

Framkvæmdir við Helgafellskóla verða kláraðar sem og bygging íþróttahúss og frágangur lóðar. Lokið verður við endurbætur í eldhúsinu í Varmárskóla og reist ný eldhúsbygging í Reykjakoti. Gert er ráð fyrir fjárfestingu í nýjum leikskólaplássum og endurnýjun skólalóða, s.s. á Reykjakoti, Hlaðahömrum og víðar.

Gert verður ráð fyrir um 200 m. kr. í endurnýjun íþróttavalla að Varmá á næsta ári og 250 m. kr. á árinu 2024. Á næsta ári lýkur endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar og vinna er hafin við forgangsröðun og gerð rammaskipulags mögulegra uppbyggingasvæða. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna á umhverfissviði til að takast á við ný skipulagsverkefni auk umsjónar með og eftirliti með fjárfestingum.

MOSFELLSBÆR Á FALLEGUM DEGI

### HELSTU ÁHERSLUR

- Fjárfest verður fyrir rúma fjóra milljarða til að byggja upp innviði.
- Nýjum lóðum verður úthlutað í 5. áfanga uppbyggingar í Helgafellslandi.
- Áformað er að A- og B-hluti verði rekinn með 548 m. kr. afgangi á næsta ári.
- Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 2.151 m. kr. eða 11% af heildartekjum.
- Álagningarhlutfall fasteignagjalda lækkar til að koma til móts við hækkun fasteignamats.
- Skuldir sem hlutfall af tekjum munu lækka og skuldaviðmiðið verður 89,9%.
- Álagningarhlutfall útsvars verður 14,52% en útsvar er um 52% af heildartekjum sveitarfélagsins
- Hækkun á gjaldskrám verður hófleg og til samræmis við breytingar á verðlagi.
- Íbúar eru um 13.300 og er ætluð fjölgun um 2,5% á milli ára.

ENDURBÆTUR Í KVÍSLASKÓLA

### Búsetuúrræðum fjölgar

Útgjöld til velferðarmála hækka mest eða úr 2,5 ma. kr á árinu 2022 í 3 ma. kr á árinu 2023. Málaflokkur fatlaðs fólks eykst mest eða um 340 m. kr á milli ára.

Frístundaþjónusta við fötluð börn og ungmenni eflist sem og skammtímavistun fyrir fötluð börn. Þá verður fjölgun í búsetuúrræðum og NPA samningum. Gert er ráð fyrir eflingu á heimaþjónustu fyrir eldri borgara með auknum innlitum og bættri matarþjónustu.

Á árinu 2023 verður enn fremur haldið áfram að innleiða farsældarlögin með Farsældarhringnum sem er samstarfsverkefni velferðarsviðs og fræðslu- og frístundasviðs. Fjárheimildir eru auknar til stoðþjónustu við börn í leik- og grunnskólum og ráðgjafaþjónustu við börn og fjölskyldur. Loks verður tekin upp sumaropnun í Bólinu.

### Viðsnúningur frá hallarekstri 2021

Áformað er að A- og B-hluti verði rekinn með 548 m. kr. afgangi á næsta ári en þannig verður viðsnúningur frá þeim hallarekstri sem var árið 2021 og áætlanir gera ráð fyrir á árinu 2022. Veltufé frá rekstri verður jákvætt um 2.151 m. kr. eða 11% af heildartekjum.

Álagningarhlutfall fasteignagjalda lækkar til að koma til móts við hækkun fasteignamats:

- Fasteignaskattur A
  - álagning lækkar úr 0,203 í 0,195%.
- Fasteignaskattur C
  - álagning lækkar úr 1,540% í 1,520%.
- Vatnsgjald
  - álagning lækkar úr 0,070% í 0,065%.
- Fráveitugjald
  - álagning lækkar úr 0,095% í 0,090%.

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: www.mos.is/storf

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700

Sigurbjörg

sigurbjorg@sigurbjorg.net sigurbjorg.net

888-1250

OPIÐ Í ÞVERHOLTI 5

13-18 mán-fös., 11-14 laugardaga

*Full búð af nýjum varningi, og ýmislegt til jólagjafa*

# LJÓSIN

LAUGARDAGINN 26. NÓVEMBER

# TENDRUÐ

Tendrun ljósanna á jólatrénu á Miðbæjartorginu hefur um árabil markað upphaf jólahalds í bænum.
Tendrunin á sér fastan sess í hjörtum bæjarbúa sem fjölmenna á viðburðinn ár hvert.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar fyrir gesti og gangandi frá **kl. 15:30** í Kjarna en **kl. 16:00** hefst dagskrá á sviði á Miðbæjartorginu. Börn úr forskóladeild Listaskóla Mosfellsbæjar verða með tónlistaratriði, Jógvan Hansen tekur nokkur jólalög og gera má ráð fyrir að einhverjir jólasveinanna muni koma ofan úr Esju þennan dag til að kíkja á krakkana í bænum. Eftir að dansað hefur verið í kringum jólatréð verður haldið inn í Kjarna þar sem Aftureldingar sér um sölu á heitu kakói, kaffi og vöfflum.

## Ásgarður heldur árlegan jólamarkað

Ásgarður handverkstæði verður með sinn árlega jólamarkað og kaffisölu í húsnæði Ásgarðs að Álafossvegi 14 og 22 í Mosfellsbæ laugardaginn 3. desember milli kl. 12.00 og 17.00. Allar handsmíðuðu vörurnar í Ásgarði verða til sýnis og sölu og kaffi, súkkulaði og kökur til sölu gegn vægu gjaldi. Góðir gestir líta í heimsókn til okkar og taka nokkur lög. Hvað er betra en að byrja jólaundirbúninginn á því að fara í Ásgarð? Þar verður hægt að kaupa jólagjafir og setjast síðan við borð með listamönnum Ásgarðs, drekka heitt ekta súkkulaði með rjóma og gæða sér á gómsætu bakkelsi í boði bestu bakarameistara Íslands.

## Úur selja umhverfisvænar leiðisgreinar

Það er löngu kunnugt að konurnar í Lionsklúbbnum Úu í Mosfellsbæ eru vakandi fyrir velferð náungans og einnig er þeim umhugað um að halda náttúrunni hreinni og ómengaðri. Fyrir ári síðan brettu þær upp ermar og framleiddu gullfallegar leiðisgreinar sem unnar voru úr hinum lífræna heimi. Engir vírar, ekkert plast, engin óvelkomin aukaefni sem menga jarðveginn auk þess sem hverri grein fylgir kærleikur frá Úu konum. Mosfellingar ásamt nærsveitungum urðu kampakátir, keyptu greinar og lögðu á leiði ástvina sinna. Öll innkoma af sölunni fór óskert til þeirra sem eiga við hina ýmsu erfiðleika að stríða. Núna ætla Úur aftur á kreik og fer allur ágóði óskertur til góðgerðarmála. Allar upplýsingar veitir Ida Hildur Fenger í síma 773-0980 en einnig má senda skilaboð í gegnum Lionsklúbburinn Úa á Facebook.

## Mirella heldur jólalagersölu á Aristo

Mirella verður með jólalagersölu á hárgreiðslustofunni Aristo, Háholti 14 á virkum dögum kl. 11:00-17:00 og á laugardögum kl. 11:00-14:00 frá 21. nóvember til 16. desember. Úrval af Vajolet dömubolum og settum, herrabolum, barnasettum og nærfötum. Einnig gott úrval af Tupperware heimilisvörum og öðrum gjafavörum. Herdís og María taka vel á móti ykkur.

*Nemendaþing á baráttudegi gegn einelti • 200 ungmenni úr Varmárskóla og FMOS*

# Einstakt samstarf í baráttunni gegn einelti

Um 200 ungmenni úr Varmárskóla og Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ unnu saman á vel heppnuðu nemendaþingi þann 8. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn einelti.

Nemendaþingið er liður í að vekja bæði nemendur og samfélagið allt til vitundar um einelti, orsakir þess og áhrif, og hvernig má koma í veg fyrir það. Einnig eru skýr menntunarleg markmið með þinginu.

Það voru nemendur í 5. og 6. bekk Varmárskóla sem báru hitann og þungann af umræðum dagins, undir styrkri stjórn samræðustjóra sem eru nemendur úr uppeldis- og félagsfræðiáföngum í FMOS.

„Það var frábært að fylgjast með krökkunum ræða saman um þetta mikilvæga málefni, þeir voru málefnalegir og leituðu lausna. Við fullorðna fólkið getum horft bjartsýn til framtíðarinnar í boði þessa unga fólks," segir Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri Varmárskóla.

NEMENDAÞING Í VARMÁRSKÓLA

### Einelti fyrirfinnst víða

Þingið er þó ekki eingöngu mikilvægt innlegg í samfélagsumræðu síðustu vikna, en einelti og áhrif þess hafa farið hátt í umfjöllun fjölmiðla. Einelti er samfélagsmein sem fyrirfinnst á allt of mörgum stöðum.

Þegar hópar fólks koma saman til að ræða leiðir til að vinna gegn einelti leiðir samræðan til aukins skilnings og verður þannig breytingaafl í sjálfu sér.

### Nemendur geti haft mótandi áhrif

Menntunarleg markmið þingsins eru skýr fyrir nemendur beggja skóla. Fyrst má nefna það að þjálfa nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Á þinginu ræddu nemendur mikilvægt samfélagsleg málefni og skipulögðu í sameiningu aðgerðir til umbóta. Með þátttöku í samræðum þar sem þess er gætt að allir geti látið skoðun sína í ljós og að niðurstaðan verði hagstæð fyrir alla þátttakendur, fá nemendur tilfinningu fyrir því að þeir geti haft mótandi áhrif á eigin framtíð og verða þannig skapandi gerendur í eigin umhverfi. Samræðustjórar taka aukna ábyrgð og efla þannig vitund sína um möguleika til áhrifa.

### Unga fólkið mun stýra framtíðinni

„Við höfum trú á því að þeir sem nú eru nemendur hafi mikla möguleika á að breyta framtíðinni. Ein manneskja sem hefur ákveðið að hafa jákvæð áhrif í umhverfi sínu hefur þar með áhrif á svo ótal marga og getur orðið hreyfiafl fyrir stórtækar breytingar. Hvað þá ef hátt í 200 ungar manneskjur fara af stað út í heiminn með slíkt hugarfar," segir Jóna Benediktsdóttir, skólastjóri Varmárskóla.

Kolbrún Ósk Jónsdóttir, kennari í FMos tekur í sama streng: „Það er okkar markmið, því við vitum að þeir sem eru ungt fólk í dag, er fólkið sem mun stýra framtíðinni. Ef við getum kennt þeim leiðir til að taka góðar ákvarðanir fyrir samfélagið höfum við lagt okkar af mörkum til framfara."

SUNGIÐ FYRIR GESTI

# Helgafellsskóli í hlutverki gestgjafa á degi gegn einelti

Helgafellsskóli var í hlutverki gestgjafa þegar hvatningarverðlauna Heimilis og skóla voru veitt en um er að ræða verðlaun fyrir vel unnin störf gegn einelti.

Athöfnin var haldin á degi gegn einelti þann 8. nóvember og verðlaunin hlaut að þessu sinni námsráðgjafi í Hólabrekkuskóla.

Skólastjóri Helgafellsskóla flutti opnunarávarp og boðið var upp á þrjú tónlistaratriði frá nemendum Helgafellsskóla, söng, fiðluleik og pianóleik.

Á athöfninni var margt góðra gesta eins og sést á meðfylgjandi myndum.

ELIZA REID FORSETAFRÚ SPJALLAR VIÐ NEMENDUR

NEMENDUR ÚR LISTASKÓLANUM

## Kynningarmyndband um kortavefsjá

Á vef Mosfellsbæjar er í birtingu myndband sem sýnir á greinargóðan hátt virkni og notkunarmöguleika kortavefsjár Mosfellsbæjar. Á kortavefsjánni geta bæjarbúar og viðskiptavinir skoða upplýsingar um allt er lýtur að fasteignum bæjarins og umhverfi, hvort heldur eru stígar, veitulagnir, lóðamörk og teikningar húsa svo nokkuð sé nefnt.

## Kvíslarskóli 50 ára - fagnað næsta haust

Í ár eru 50 ár frá því að skólastarfsemi hófst í því skólahúsnæði sem nú heitir Kvíslarskóli. Í upphafi nefndist skólinn Gagnfræðaskóli Mosfellssveitar eða Gaggó Mos hversdagslega. Afmælisdagurinn var 9. nóvember, miklar endurbætur standa nú yfir á húsnæði skólans en næsta haust munu nemendur og bæjarbúar hafa tök á að fagna afmælinu á sal.

# Bókmenntahlaðborð Bókasafns Mosfellsbæjar 2022

Þriðjudaginn 22. nóvember
Húsið opnar kl. 19.30
Dagskrá hefst kl. 20.00

Stjórnandi umræðna:
Sunna Dís Másdóttir

Sigríður Hagalín Björnsdóttir
*Hamingja þessa heims*

Ragna Sigurðardóttir
*Þetta rauða, það er ástin*

Benný Sif Ísleifsdóttir
*Gratíana*

Einar Kárason
*Opið haf*

Stefán Máni
*Hungur*

Ókeypis
og öll velkomin

Bókasafn Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholt 2
S: 566 6822

RITHÖFUNDARNIR ÁSAMT NOKKRUM AÐDÁENDUM

*Bókasafn Mosfellsbæjar*

# Bókmenntahlaðborð barnanna

Mikil kátína var á Bókmenntahlaðborði barnanna sem fór fram í bókasafninu laugardaginn 12. nóvember.

Þrír höfundar komu í heimsókn, lásu upp úr nýjustu bókunum sínum og spjölluðu við krakkana. Gunnar Helgason kynnti bókina Alexander Daníel Hermann Dawidsson: Bannað að ljúga. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir las upp úr tveimur bókum sínum, Héragerði og úr hinni skrautlegu Mamma kaka. Arndís Þórarinsdóttir sagði okkur frá fimleikabókinni Kollhnís.

Upplesturinn var fjörugur og mikið hlegið. Að honum loknum var boðið upp á föndur í Fiskabúrinu, fjölnota rými safnsins, þar sem urðu til mörg jólaleg bókamerki sem ættu að nýtast vel við lestur jólabókanna í ár. Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna.

UPPLESTUR

*Listasalur Mosfellsbæjar*

# Litandi, litandi, litandi

Síðasta sýning ársins í Listasal Mosfellsbæjar er Litandi, litandi, litandi eftir Jón Sæmund Auðarson. Opnun er föstudaginn 18. nóvember kl. 16-18.

Jón Sæmundur er kröftugur listamaður sem er bæði þekktur í heimi myndlistar og tónlistar. Viðfangsefni verka hans á sýningunni eru andar en tengsl lífsins, dauðans og þess sem bíður handan dauðans hafa verið listamanninum hugleikin um langt skeið.

Fyrir 12 árum byrjaði Jón Sæmundur að mála einn anda á striga í upphafi hverra tónleika með hljómsveit sinni Dead Skeletons. Þetta gerði hann til að undirbúa sig andlega fyrir tónleikana og komast yfir sviðsskrekk. Jón Sæmundur er enn að mála anda og nú ekki bara fyrir tónleika heldur hvenær sem andinn kemur yfir hann.

Síðasti sýningardagur er 16. desember.

Jóla
Sögustund
í Bókasafni Mosfellsbæjar
Fimmtudaginn 1. desember kl. 17

Við fáum heldur betur skemmtilega gesti í síðustu sögustundina okkar þetta árið!

Langleggur og Skjóða, systkini jólasveinanna, koma í safnið, segja okkur spennandi jólasögu og syngja nokkur vel valin jólalög.

Öll velkomin!



Góður svefn í íslenskum ullarfaðmi eykur vellíðan

Íslenskar ullarsængur
Fáanlegar á Lopidraumur.is

LOPI
Íslensk ull
Gæðamerki

# KONTAR

LEGGJUM ÞÍNA FRAMTÍÐ

PLÖTUSTEYPA - INNKEYRSLUR
VÉLSLÍPUN - ANHYDRIT - FLOTUN

*Byrjað að bóka fyrir 2023*

kontar@kontar.is • S. 7707771

# MÚRMANN

**ÖLL ALMENN MÚRVINNA**
**FASTEIGNAVIÐHALD**
**LEKA VIÐGERÐIR**

*BYRJAÐUR AÐ BÓKA FYRIR 2023*

Frímann Gústaf Frímannsson

Sveinspróf í múrsmíði

Sími: 7765056

frimann03@gmail.com

# Jólamarkaður Skálatúns

Laugardaginn 26. nóvember 2022 frá kl.10-16 verðum við í dagþjónstu Skálatúns með okkar árlega jólamarkað. Þar verðum við með glæsilegar handverksvörur til sölu.

Verið velkomin í Búðina okkar Skálatúni í Mosfellsbæ.

Boðið verður upp á heitt súkkulaði og vöfflur gegn vægu verði.






– SPENNANDI VIÐBURÐIR Í HVERJUM MÁNUÐI –

# ALLTAF GAMAN OG ALLTAF GOTT VEÐUR

– OPNUM FYRR Á FÖSTUDÖGUM –

HAPPY HOUR
2 FYRIR 1 AF ÖLLU Á BARNUM
FÖSTUDAGA & LAUGARDAGA
21-23

GLEÐISTUND
KL. 16 — 18
MÁN — FIM
KRANABJÓR
990 — KR.

## GEFÐU RÚLLANDI GÓÐA JÓLAGJÖF

Gjafabréf í Keiluhöllinna og/eða Shake&pizza er svo sannarlega gjöf sem gleður. Hægt er að velja um stök bréf eða pakka sem inniheldur keiluleik, pizza og shake.

Pantaðu þinn jólapakka á **keiluhollin.is**

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00

## HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

### EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR

– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

### EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR

– GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

### EIN PIZZA OG SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR ANNARRI VIÐ Á 1.000 KR.
– BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

Pantaðu á
**shakepizza.is**
eða í síma
**5 17 18 19**

### OPNUM KL. 11:30 Á FÖSTUDÖGUM

KYNNINGARTILBOÐ MILLI 11:30 OG 13:00

PIZZA AF SEÐLI + GOS
2.990 KR.

PIZZA AF SEÐLI + KALDUR Á KRANA
3.490 KR.

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

**Sigríður Lára Haraldsdóttir**
Fjölskyldufræðingur
Jógakennari
Náms- og starfsráðgjafi
822 8807
siggalara@framaveginn.is
www.framaveginn.is

FRAM Á VEGINN
FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ OG JÓGA

Innihald þessa tölvupósts gæti innihaldið trúnaðarmál og er aðeins ætlað þeim sem hann er áritaður og öðrum þeim er hann heimilar að skoða hann. Ef mistök verða við sending póstsins, vinsamlegast eyddu póstinum strax og láttu sendanda vita.

This email and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed. If you accidentally receive this mail, please inform the sender and delete the mail immediately.


*Aðalsteinn Stefánsson gefur frá sér sína fjórðu bók*

# Krimmi fyrir ungmenni

Rithöfundurinn og Mosfellingurinn Aðalsteinn Stefánsson hefur sent frá sér nýja bók sem ber heitið Ráðgátan um hauslausa ræningjann.

Þetta er fjórða bók höfundar en áður hefur hann skrifað þrjár styttri barnabækur. Nýja bókin er frábrugðin því sem Aðalsteinn hefur skrifað áður en um er að ræða krimma fyrir unglinga og ungmenni. „Fullorðnir geta án efa líka haft gaman af bókinni," segir höfundurinn spurður um fyrir hvaða lesendahóp hann hafi skrifað bókina. „Þetta er krimmi eða glæpasaga með gamansömum undirtón."

Aðalsteinn hefur verið búsettur í Mosfellsbæ frá árinu 2003, og er til að mynda meðlimur í Mosfellskórnum. Hann er menntaður smiður en ritlistin hefur fangað hug hans. Ung listakona, Katrín Vigfúsdóttir, teiknaði kápumyndina.

Aðalpersónur bókarinnar eru gamlir skólafélagar, Stína og Stjáni, en þau stofna

saman einkaspæjarastofu. Það er svo fyrir algjöra tilviljun að félagarnir dragast inn í sérkennilegt glæpamál þar sem hauslaus ræningi rænir skargripaverslanir. Til að vita meira um þessa undarlegu glæpi er fátt annað að gera en að lesa bókina.

Er von á fleiri bókum um þau Stínu og Stjána? „Já, það gæti orðið, að einhver fleiri mál detti inn á borð hjá einkaspæjurunum Stínu og Stjána, ef fyrri bókin fellur vel í kramið."


**GLEÐI OG GÁSKI!**

***Bráðskemmtileg bók, stútfull af skemmtilegum sögum og vísum.***

**Bókaútgáfan Hólar**
holabok.is / holar@holabok.is



**OPIÐ HÚS**

á Hulduhólum listhúsi

**Hulduhólar listhús verður opið laugardaginn 19. nóvember og sunnudaginn 20. nóvember frá kl. 13:00 til 19:00.**

*Kaffi á könnunni og allir velkomnir.*

Steinunn Marteinsdóttir

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# VORVERK.IS

ÞVERHOLTI 2 | MOSFELLSBÆ | 665 7200

## VELKOMIN Í VERSLUNINA Á NEÐSTU HÆÐ KJARNANS Í MOSÓ

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16. Allar vörur einnig aðgengilegar í vefverslun.

# FRAM UNDAN Á BARION

SPORTIÐ í beinni

— **17. NÓV** **BARSVAR Á BARION**

Mosfellingarnir síkátu Þorgeir Leó og Wentzel Steinarr stjórna spurningakeppni. Old School Pub Quiz á léttu nótunum kl. 21. Frítt inn og flottir vinningar.

— **19. NÓV** **SVEITABALL - BLEK OG BYTTUR**

Danshljómsveitin Blek undir handleiðslu tónbóndans í Túnfæti, Þorkels Jóelssonar. Fimm manna hljómsveit og fjölbreytt efnisskrá. Sveitaball kl. 23-01 - Frítt inn!

— **21. NÓV** **BÚBBLUR OG PRJÓN**

Frost Knit og Barion standa fyrir prjónakvöldi mánudagskvöld kl. 20. Endilega takið með ykkur það sem þið eruð að vinna í og njótið þess að prjóna og spjalla.

— **22. NÓV** **ÍSLANDSMÓT Í FISCHER-SLEMBISKÁK**

Undankeppni fyrir Íslandsmótið í Fischer-slembiskák. Keppnin hefst kl. 20 þriðjudagskvöldið 22. nóvember og verður nánari upplýsingar að finna á skak.is

— **25. NÓV** **DÚETTINN HILDIGUNNUR**

Trúbadorarnir Hildur Hlíf Hilmarsdóttir og Gunnur Arndís Halldórsdóttir ætla að halda uppi góðri partýstemningu á Barion kl. 23-01.

— **1. DES** **AÐVENTU UPPISTANDSKVÖLD**

Fram koma Friðrik Valur, Arnór Daði, Bjarni Gautur, Baldvin Ómar, Lolly Magg, Maggi Mix og Greipur. Kynnir Bimma Magg. Miðasala á Tix.is (2.500 kr.)

— **3. DES** **PÍANÓBAR MEÐ KARLAKÓR KJALNESINGA**

Föstudaginn 3. desember breytum við Barion í PíanóBar með aðstoð Karlakórs Kjalnesinga. Frá kl. 22 verður sest við píanóið - „SING-A-LONG“ fram eftir nóttu.

— **4. DES** **FJÖLSKYLDU-JÓLABINGÓ**

Jólabingó fjölskyldunnar sunnudaginn 4. desember kl. 13. Glæsilegir vinningar. Hægt er að tryggja sér sæti með því að kaupa spjald í forsölu á Barion.is (1.000 kr.)

# SVEITABALL

## LAUGARDAGINN 19. NÓVEMBER

DANSHLJÓMSVEITIN

## BLEK OG BYTTUR

...undir handleiðslu tónbóndans
í Túnfæti, Þorkels Jóelssonar

FRÍTT INN

BARION
MOSÓ

23-01

---

BLACK FRIDAY

SVARTUR FÖSTUDAGUR 25. NÓVEMBER

**30% AFSLÁTTUR**

**AF GJAFABRÉFUM Á BARION.IS**

**HM Í FÓTBOLTA**
**Í BEINNI Á BARION**
**20. NÓV - 18. DES**

---

# BARSVAR

## Í KVÖLD KL. 21

FIMMTUDAGINN 17. NÓVEMBER

SPURNINGAR UM ALLT Á MILLI HIMINS OG JARÐAR

STJÓRNENDUR:
ÞORGEIR LEÓ OG WENTZEL STEINARR

FRÍTT INN

BARION
MOSÓ

---

# Jólaborgari
Barion

Gæsaborgari með gráðaostasósu, sultuðum rauðlauk, klettasalati og rifnum parmesan osti. Borinn fram í súrdeigsbrauði með sætkartöflufrönskum og týtuberjasultu.

*Villibráðin er veidd af eiganda staðarins

# OPIÐ HÚS
## 11. DESEMBER

**Hestamannafélagið Hörður býður alla bæjarbúa velkomna á opið hús í reiðhöll félagsins að Varmárbökkum og opin hús hestamanna í hesthúsahverfinu á Varmárbökkum sunnudaginn 11. desember kl. 13:00-15:00.**

**Boðið verður uppá stutta sýningu í reiðhöllinni.**

Að sýningu lokinni gefst gestum kostur á að klappa hestum og spjalla við knapa. Einnig verður krökkum boðið á bak á hestum frá reiðskólanum Hestasnilld. Svo má kíkja í hesthús í hverfinu og spjalla við fólk og klappa hestum.

HÖRÐUR

**Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.**

**Bæjarbúar eru hvattir til að líta við og sjá öflugt starf hestamanna í Mosfellsbæ.**

*Hermann Jakob Hjartarson fornleifafræðingur sýnir Bjarka Bjarnasyni og Kristni Magnússyni myllustein sem grafinn var upp í býlinu Hamrahlíð í sumar.*

# Kotbýlið Hamrahlíð rannsakað

Sögufélag Kjalarnesþings fékk fornleifafræðinginn Hermann Jakob Hjartarson til að sýna félagsmönnum leifar af kotbýlinu Hamrahlíð sem hann hefur verið að rannsaka í sumar.

Býlið stóð skammt neðan við Vesturlandsveg á móts við bílastæði Skógræktarfélagsins í Hamrahlíð. Kotbýlið Hamrahlíð var hjáleiga frá Blikastöðum, stofnað um 1850, og var í byggð þar til um aldamótin 1900. Hermann lýsti herbergjum sem sennilega voru eldhús, svefnherbergi og smiðja auk fleiri vistarvera. Fjölmargir gripir fundust við uppgröftinn.

Guðrún Jónsdóttir sem Halldór Laxness gerði fræga í sögunni af brauðinu dýra í Innansveitarkróniku fæddist í Hamrahlíð árið 1852. Hún var síðustu ár sín vinnukona á ýmsum bæjum í Mosfellssveit og var síðasti einstaklingurinn sem boðinn var upp í Mosfellshreppi árið 1935. Á hreppsnefndarfundi sem haldinn var haustið 1935 upplýsti oddviti að „Guðrún Jónsdóttir hefði verið sögð til sveitar frá 1. júní þ. árs og hafði hann komið henni fyrir hjá Hjalta Þórðarsyni bónda á Æsustöðum fyrir kr. 50.00 á mánuði."

Guðrún lést ári síðar og var jarðsett að Mosfelli þótt engin væri þar kirkjan. Sama ár komu lög um alþýðutryggingar til sögunnar á Íslandi. Hermann áætlar að skila skýrslu um rannsóknir á Hamrahlíð til Minjastofnunar Íslands á næsta ári. „Hvað verður um rústirnar er ekki vitað," segir Magnús Guðmundsson formaður Sögufélagsins.

Myndó ljósmyndastofa - Þverholti 5 Mosfellsbæ
myndo@myndo.is -8981744 - myndo.is

ALLT
FASTEIGNASALA

**Sérsniðin þjónusta til byggingaraðila**

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505

# TRÍÓ

## MÁNAÐARINS

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 2.090 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRJÁR PIZZUR AF MATSEÐLI Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI Í HVERJUM MÁNUÐI

STÓR -PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

**Helga Möller** *söngkona og fararstjóri nýtur lífsins eftir 32 ár í háloftunum*

# Söngurinn mun alltaf fylgja mér

**Diskódrottninguna Helgu Möller þarf vart að kynna enda löngu orðin ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar. Ferill hennar hefur til þessa verið afar fjölbreyttur og lög hennar hafa átt miklum vinsældum að fagna.**

**Helga er hvað þekktust fyrir að syngja með dúettinum Þú og Ég ásamt Jóhanni Helgasyni en einnig fyrir að taka þátt í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fyrir Íslands hönd árið 1986 í Bergen í Noregi en þar söng Icy tríóið lagið Gleðibankinn eins og frægt er orðið.**

Helga fæddist í Reykjavík 12. maí 1957. Foreldrar hennar eru þau Elísabet Á. Möller fv. framkvæmdastjóri Geðverndar og Jóhann Georg Möller fv. skrifstofustjóri hjá Johnson og Kaaber en þau eru bæði látin.

Helga á einn bróður, Árna Möller f. 1952.

### Sá Surtsey byrja að gjósa

„Ég er alin upp á Sporðagrunni í Laugardalnum og það var yndislegt að alast þar upp. Dalurinn er nefnilega eitt stórt útivistarsvæði, hestar í haga, sundlaugin í göngufæri og alltaf eitthvað um að vera á fótboltavellinum. Á mínum uppvaxtarárum var mikið leikið úti við og það var farið í ýmsa leiki eins og yfir, fallin spýta, teygjó og snú snú.

Árið 1963 fórum við fjölskyldan í siglingu með Gullfossi til Kaupmannahafnar og Glasgow. Á heimleiðinni sigldum við fram hjá Vestmannaeyjum þar sem móðir mín er uppalin og við urðum vitni að því þegar Surtsey byrjaði að gjósa, þetta var stórkostleg sjón."

### Kom fram með kassagítarinn

„Ég gekk í Laugalækjarskóla og Laugarnesskóla og var í kór hjá Þóri Baldurssyni þegar ég var lítil, ég fékk að syngja einsöng með kórnum sem mér fannst mjög gaman. Ég kom síðar fram með kassagítarinn minn á skólaskemmtun og söng lög Janis Ian, Carol King og Joni Mitchell svo einhverjar séu nefndar. Það má eiginlega segja að ég hafi byrjað að syngja áður en ég gat talað, mamma sagði mér að ég hefði verið vön að syngja mig í svefn," segir Helga og hlær.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

„Ég kláraði stúdentinn frá Verzlunarskóla Íslands og þar átti ég skemmtileg ár. Ég tók þátt í tónlistar-og leiklistarlífinu og var formaður nemendamótsnefndar í eitt ár. Á síðasta árinu mínu í menntaskóla var ég söngkona hljómsveitarinnar Celsíus.

Ég hef verið mjög ánægð með alla þá skóla sem ég hef gengið í, svo ég tali nú ekki um kennarana."

*Fjölskyldan: Elísabet, Helga, Gunnar, Elísabet, Maggý Helga og Jóhann Georg fermingardrengur.*

### Söng í flugfreyjubúningi

Það hefur löngum verið draumur ungra stúlkna að verða flugfreyjur og þar var Helga engin undantekning. Hún skellti sér á námskeið og fór í sitt fyrsta flug sumarið 1977.

Helga starfaði hjá Icelandair í 32 ár og var mest í áætlunarfluginu, bæði innanlands sem utan. Hún lét af störfum árið 2020 og hefur komist að því að það er líf eftir flugbransann og segist bíða spennt eftir því sem lífið hafi upp á að bjóða.

Ég spyr Helgu hvað standi upp úr á starfsferlinum? „Skemmtilegasta ferðin sem ég fór í var þegar ég fór sem kynnir til Norðurlandanna til að kynna Halifax í Kanada sem þá var að byrja. Við vorum viku í þessari ferð og sýningarnar voru haldnar að kvöldi til og þar voru flutt tónlistaratriði frá Nova Scotia. Þegar líða tók á ferðina þá veiktist einn söngvarinn, ég tjáði hljómsveitarmeðlimunum að ég væri söngkona og kynni orðið prógrammið og ég gæti mögulega hlaupið í skarðið sem ég og gerði. Þetta vakti mikla athygli, sérstaklega þar sem ég söng í flugfreyjubúningnum," segir Helga og brosir.

### Þetta var töluvert átak

Eftir að Helga hætti að fljúga fór hún í nám við Háskólann á Bifröst sem nefnist Máttur kvenna, og útskrifaðist þaðan vorið 2021.

„Ég var að læra um stofnun og rekstur fyrirtækja því ég er að undirbúa mig vel til að geta látið drauma mína rætast, t.d ef mig langar til þess að stofna fyrirtæki," segir Helga.

„Það var töluvert átak fyrir mig að setjast aftur á skólabekk eftir svona langan tíma og fjarvinnan var mikil en allt hafðist þetta nú og þetta var skemmtilegt nám."

Ég spyr Helgu hvort hún ætli að opna söngskóla í Mosó? „Mér finnst gott að hugsa til þess að geta farið út í sjálfstæðan rekstur og geta ráðið tíma mínum sjálf en það er jafnframt mikil binding en ætli ég svari þessu ekki með því að segja, það er bara aldrei að vita."

### Heilsuferðir til Póllands

Helga á þrjú börn, Maggý Helgu f. 1979, Gunnar f. 1987 og Elísabetu f. 1993 og þrjú barnabörn.

Helga nýtur þess að vera með fjölskyldu og vinum en hún er einnig dugleg að ferðast, fara á tónleika, spila golf, prjóna og lesa góðar bækur. Hún hefur einnig gaman af sjálfsrækt og er til dæmis búin að fara í margar Detox ferðir sem Jónína Benediktsdóttir bauð upp á. Nú er Helga sjálf að fara að leiða hópa í heilsuferðir til Póllands ásamt tveimur samstarfsfélögum og fyrsta ferðin verður farin í janúar 2023.

> ***Það má eiginlega segja að ég hafi byrjað að syngja áður en ég gat talað, mamma sagði mér að ég hefði verið vön að syngja mig í svefn.***

### Þetta var ótrúleg upplifun

Helga á langan söngferil að baki og lög hennar hafa átt miklum vinsældum að fagna, svo ekki sé minnst á jólalögin. Við Helga rennum yfir ferilinn og ég spyr hana hvað standi upp úr? „Ætli það sé ekki þegar ég fór með þeim Eiríki Haukssyni og Pálma Gunnarssyni með Gleðibankann í Eurovision. Keppnin var haldin í Bergen í Noregi og við lentum í 16. sæti. Þetta var ótrúleg upplifun alveg hreint enda fyrsta lagið sem keppti í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fyrir Íslands hönd."

### Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt

„Ég hef verið að kenna söng í Söngskóla Maríu Bjarkar sem mér finnst mjög skemmtilegt. Kenni nemendum 16 ára og eldri en áður kenndi ég aðallega krökkum. Auk þess að kenna söng þá er ég að koma fram sem söngkona. Ég syng á tónleikum, í brúðkaupum, við útfarir og í afmælisveislum og oft hef ég verið fengin sem leyniatriði. Söngurinn mun alltaf fylgja mér," segir Helga og brosir sínu fallega brosi.

„Ég hef líka verið að taka að mér fararstjórn í ferðum erlendis og svo tek ég að mér ýmis önnur verkefni, er alltaf til í að prófa eitthvað nýtt."

Ég spyr Helgu að lokum hvað sé fram undan? „Ég er að fara að koma fram á tónleikum Jóns Ólafssonar, Af fingrum fram, í Salnum í Kópavogi núna 24. nóvember. Þetta er svona bæði spjall og söngur og Elísabet Ormslev dóttir mín verður gestasöngvari. Jólahlaðborðin taka svo við og ég kem til með að syngja mest á Bryggjunni í Grindavík þetta árið. Þegar aðventan er gengin í garð, þá fyrst kemst maður í hátíðarskap," segir Helga og brosir.

## HIN HLIÐIN

**Hverju myndir þú breyta á Íslandi ef þú ættir þess kost?** Að allir Íslendingar geti búið við mannsæmandi aðstæður.

**Bestu kaup sem þú hefur gert?** Þegar ég keypti íbúðina mína á Rauðalæk.

**Hvað myndi ævisaga þín heita?** Einu sinni diskódrottning, alltaf diskódrottning.

**Hvað er fegurð?** Allt það fallega sem þú sérð í kringum þig og í fólkinu sem þér þykir vænt um.

**Við hvaða aðstæður færðu gæsahúð?** Þegar ég heyri og upplifi eitthvað sérstakt.

**Hvað drífur þig áfram?** Ósýnilegur krafturinn sem kemur yfir mig, tekur stundum svolítinn tíma en þá er ég óstöðvandi.

**Besta ráð sem þú hefur nýtt þér?** Þegar pabbi minn kenndi mér að bera mig ekki saman við aðra, vera ánægð með mitt og gleðjast með öðrum þegar þeim gengur vel.

**Hvað óttastu mest?** Að missa þá sem mér þykir vænt um.

Í BANASTUÐI MEÐ HELGA BJÖRNS

MEÐ ERLENDI VINI SÍNUM

Í HEILSUFERÐ Í PÓLLANDI

*Myndir: Ruth Örnólfsdóttir og úr einkasafni.*

# Deiliskipulagsbreyting
# Áningastaður við Reykjahvol




Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að kynna og auglýsa tillögu að deiliskiplagsbreytingu frá Reykjalundarvegi að Húsadal - Áningastaður við Reykjaveg og Reykjahvol, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér að breyta umferðarflæði við endastöð Strætó, tryggja umferðaröryggi, hanna níu bílastæði við upphaf gönguleiðar Reykjafells, auk þess að festa í sessi stærri hluta garðsins, stíga, torg og gróður innan garðsins.

**Umsagnafrestur er frá 17. nóvember til og með 3. janúar 2023.**

Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsauglysingar, og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þau sem vilja geta kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir.

Athugasemdir skulu vera skriflegar ásamt helstu upplýsingum og kennitölu sendanda. Senda skal þær skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær eða í tölvupósti á skipulag@mos.is

**Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar**

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700


**Skógræktarfélag Mosfellsbæjar**

**selur lifandi jólatré með rót í pottum og furutoppa**

**Mikið úrval - Tilvalið til skreytinga utandyra**

*SÍMI 8672516*

*Jólaskógurinn í Hamrahlíð verður opinn frá 10. desember til 23. desember.*

*Getum tekið á móti litlum hópum á öðrum stað eða öðrum tíma.*

***VELJUM ÍSLENSK JÓLATRÉ!***

SKÓGRÆKTARFÉLAG MOSFELLSBÆJAR

s. 867-2516

*skogmos@skogmos.is*

BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI

## Benedikt valinn efnilegasti knapi ársins

Mosfellingurinn Benedikt Ólafsson var á dögunum valinn efnilegasti knapi ársins 2022 en kunngjört var um valið á verðlaunahátíð Landssambands hestamannafélaga. Benedikt náði á árinu frábærum árangri í mörgum greinum hestaíþróttanna. Hann sigraði í B-flokki ungmenna á Landsmótinu í sumar á Biskup frá Ólafshaga, varð Íslandsmeistari í gæðingaskeiði á Leiru-Björk frá Naustum III og sigraði í slaktaumatölti T2 ungmenna á Reykjavíkurmeistaramóti á Bikar frá Ólafshaga ásamt 2. sæti í tölti T1 á Íslandsmótinu.

## Andri Freyr kominn heim í Mosfellsbæinn

Meistaraflokkur karla í fótbolta hefur hafið undirbúning fyrir næsta tímabil. Andri Freyr Jónasson, einn markahæsti leikmaður í sögu Aftureldingar, skrifaði á dögunum undir tveggja ára samning við félagið. Andri hefur leikið með Fjölni undanfarin tvö ár en mun nú spila á ný með Aftureldingu næsta sumar. Hinn 24 ára gamli Andri hefur skorað 50 mörk í 79 deildar- og bikarleikjum með Aftureldingu á ferlinum. Þá hefur Afturelding einnig fengið Bjart Bjarma Barkarson til liðs við sig frá Víkingi Ólafsvík. Bjartur er tvítugur en hann var þrátt fyrir ungan aldur fyrirliði og lykilmaður hjá Ólafsvíkingum síðastliðið sumar.

**MOSFELLINGUR**
**KEMUR NÆST ÚT 8. DES**

*Munda var fræg fyrir baráttu sína bæði inan vallar og við hinn illvíga sjúkdóm*

# Heiðruðu Mundu á fallegan hátt

Meistaraflokkarnir í blaki hafa byrjað leiktíðina af krafti og eftir 4 umferðir situr karlaliðið í 2. sæti og stelpurnar tróna á toppnum eftir góðan sigur á meisturum síðasta árs KA.

Mánudaginn 31. október lést Mundína Ásdís Kristinsdóttir eftir hetjulega baráttu við krabbamein en Munda hefur verið viðloðandi blakdeild Aftureldingar frá stofnun deildarinnar um síðustu aldamót, bæði sem leikmaður og stjórnarmaður. Munda var með allt frá fyrsta titli kvennaliðs Aftureldingar og sat í meistarflokksráði kvenna og var sjúkraþjálfari kvennaliðins í mörg ár sem og hjá íslenska landsliðinu.

### Minningarstund fyrir leik gegn KA

Fyrir leikinn við KA var haldin stutt minningarstund sem endaði í mínútuþögn Mundu til heiðurs. Blakdeild Aftureldingar bauð frítt á leikinn og komu margir vinir úr blaksamfélaginu til að votta þessari föllnu hetju virðingu sína. Leikurinn var erfiður í byrjun því tárin voru enn að þorna og töpuðu Aftureldingarstúlkur fyrstu hrinunni

GUNNA STÍNA, STEINN, GRÉTAR OG MUNDA ÁRIÐ 2014

en síðan tók baráttan öll völd á vellinum og vann Afturelding sannfærandi 3-1 sigur þrátt fyrir erfiðar aðstæður og þunga sorg.

Munda var fræg fyrir baráttu sína bæði innan vallar sem og við hinn illvíga sjúkdóm sem hún barðist við og hún líkti við fjallgöngu. Það má segja að stelpurnar hafi tekið Mundu á þennan leik, svo mikla baráttu sýndu þær og hefðu ekki getað heiðrað hana á fallegri hátt og þakkað henni betur fyrir hennar störf fyrir Aftureldingu.

Blessuð sé minning góðs félaga og Aftureldingarkonu.

# Framúrskarandi árangur á Haustmóti

Um síðustu helgi fór fram Haustmót á vegum Fimleikasamband Íslands.

Markmið mótsins er að skipta öllum liðum landsins í deildir fyrir keppnistímabilið á komandi vorönn. Fimleikadeild Aftureldingar sendi frá sér 4 stúlknalið og 3 drengjalið.

Fimleikadeild Aftureldingar hefur mikið verið að bæta þjónustu og þjálfun á síðustu árum sem hefur leitt til meiri ánægju og áhuga hjá iðkendum. Núna á Haustmótinu sást vel hvað iðkendurnir hafa mikinn áhuga á að standa sig vel á æfingum og greinilegt er að þjálfarar Aftureldingar eru að standa sig vel.

Árangurinn á mótinu var framúrskarandi en tvö lið í drengjaflokki sigruðu í sínum flokki en öll drengjaliðin eru komin í A-deild og tvö stúlknalið enduðu í A-deild í 4. flokki. 4. flokkurinn á Íslandi er sá stærsti en þar keppa 28 lið og einungis 9 lið komast í hverja deild fyrir sig. Öll lið Aftureldingar okkar stóðu sig virkilega vel bæði í undirbúningi fyrir mótið og á mótinu sjálfu.

EIRÍKUR ÞÓR, SINDRI SNÆR, EGILL OG GUÐJÓN

## Sindri áfram með Hvíta

Hvíti riddarinn hefur samið við Sindra Snæ Ólafsson um að halda áfram sem aðalþjálfari félagsins.

Sindri Snær hefur verið við stjórnvölinn hjá Hvíta riddaranum síðan árið 2020 og liðið hefur vaxið og eflst jafnt og þétt undir hans stjórn.

Lið Hvíta riddarans, sem var samsett af nánast bara Mosfellingum, komst í undanúrslit 4. deildar á síðasta tímabili og vann sér inn rétt til þess að spila í nýrri og spennandi 10 liða fjórðu deild á næsta tímabili. Sindra til halds og traust verða þeir Eiríkur Þór Bjarkason, Egill Jóhannsson og Guðjón Svansson.

RÝMINGARSALA
50-80% AFSLÁTTUR
TIL 25. NÓVEMBER
JAKO
SPORT ÍSLANDI
NAMO EHF. - SMIÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

FLOTTUR HÓPUR ÞJÁLFARA

*100 manna vinnustofa fyrir alla þjálfara Aftureldingar*

# Vel heppnaður starfsdagur

Árlegur starfsdagur Aftureldingar fór fram í Krikaskóla þann 10. nóvember. Starfsdagurinn er einn af fáum dögum, ef ekki eini dagur ársins, þar sem allir þjálfarar félagsins hittast, spjalla og hlusta á ýmis fræðsluerindi.

Í ár var farin örlítið önnur leið en haldin var 100 manna vinnustofa þar sem hugmyndir fóru heldur betur á flug.

„Við byrjuðum kvöldið á að hlusta á Margréti Lilju frá Rannsókn og greiningu. Hún benti þjálfurunum á mikilvægi þeirra í lífi barna í Mosfellsbæ á meðan hún ræddi Ánægjuvogina og niðurstöður fyrir iðkendur okkar í Mosfellsbæ, segir Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi Aftureldingar.

„Í kjölfarið á þeim fyrirlestri fóru þjálfararnir okkar í vinnu út frá Ánægjuvoginni, þar sem þeir veltu fyrir sér hvernig við gætum viðhaldið og bætt góðan árangur.

Á næstu dögum og vikum vinnum við úr vangaveltum og lausnum frá starfsdeginum, út frá þeim viljum við búa til efni sem þjálfararnir okkar geta sótt í til þess að bæta sig og þróa sem þjálfara. Og þannig aðstoða iðkendur okkar til þess að verða þeir einstaklingar sem þeir vilja, hvort sem það er íþróttafólk eða ekki.

Starfsdagurinn í ár heppnaðist vel, sem kom okkur svo sem ekkert á óvart. Við hjá Aftureldingu, og ekki síður iðkendur og foreldrar í Mosfellsbæ, erum ótrúlega heppin með stóran, metnaðarfullan og skemmtilegan hóp af þjálfurum.

Við hvetjum alla til að kynna sér Ánægjuvogina og niðurstöður hennar á heimasíðu Aftureldingar," segir Hanna Björk.

# ÍSLANDSMEISTARAR

Mosfellsku knattspyrnumennirnir Jason Daði, Anton Ari og Ísak Snær áttu frábært tímabil með Breiðabliki í efstu deild í sumar og hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum í lok tímabils.

ÁÞENA OG JUSTINA

# Góður árangur á Íslandsmeistaramóti í Taekwondo

Laugardaginn 5. nóvember fór fram Íslandsmót í poomsae (formum). Sex keppendur frá Aftureldingu tóku þátt og stóðu sig mjög vel.

Aþena Kolbeins varð Íslandsmeistari í einstakling og para poomsae, þá fékk hún silfur í hópapoomsae.

Ásta Kristbjörnsdóttir fékk silfur í einstaklingspoomsae og hópapoomsae

Hilmar Birgir Lárusson fékk silfur í einstaklingspoomsae

Justina Kiskeviciute varð Íslandsmeistari í einstaklingspoomsae, þá fékk hún silfur í hópapoomsae

Patrik Bjarkason komst ekki á pall í þetta skiptið en stóð sig mjög vel.

Sigurður Máni Guðmundsson fékk silfur í einstaklingspoomsae

Sunnudaginn 6. nóvember fór fram Íslandsmót í sparring (bardaga). Einn keppandi frá Aftureldingu tók þátt og stóð sig mjög vel.

Justina Kiskeviciute varð Íslandsmeistari í sínum flokki.

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN VARMÁ

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær

SUNDLAUGIN LÁGAFELLI

## Forrit til að stilla skjátíma

**Fáum börnin okkar í lið með okkur. Setjum sameiginlegar reglur og útskýrum ástæðurnar fyrir þessum reglum.**

Family link

Family Sharing

## VERUM GÓÐAR FYRIRMYNDIR

1. Minnkum eigin skjátíma.
2. Tölum við börnin okkar og verum óhrædd að setja reglur.
3. Verum dugleg að búa til skemmtilegar samverustundir án síma, t.d. fara sund, göngutúra, spila eða baka.

**Börn yngri en 13 ára mega ekki vera á samfélagsmiðlum! Er barnið þitt eitt af þessum börnum?**

## ÁREITI FRÁ ÓKUNNUGUM

**7 af hverjum 10 stelpum á grunn- og framhaldsskólaaldri hafa fengið beiðni um nektarmynd frá ókunnugum.**

**Staðreyndir um 9-12 ára börn.**

**60% eru með TikTok og Snapchat.**

**50% eru með Youtube aðgang.**

**30% eru á Instagram.**

**Verum óhrædd að setja reglur**

## EINELTI Á NETINU

**40% unglinga á aldrinum 13- 18 ára eiga falska eða nafnlausa reikninga.**

**Þessir reikningar eru notaðir til að taka þátt í einelti, ofbeldi eða hatri án þess að koma undir nafni.**

**23% barna og unglinga á aldrinum 9-18 ára hafa upplifað einelti á netinu.**

## ÁHRIF Á HEILSU, SVEFN OG SAMSKIPTI

**Mikil notkun samfélagsmiðla eykur kvíða, einmanaleika og hefur neikvæð áhrif á sjálfsmynd.**

## NETIÐ GLEYMIR EKKI

**Allir gera mistök á lífsleiðinni. Hvetjum börnin okkar til að segja frá en ekki að "eyða" mistökunum.**

MOSFELLSBÆR

# ÁRSHÁTIÐ BÓLSINS

## Í HLÉGARÐI

## 24
## NÓV

KL 19:30 - 22:00

**TRYLLT! LINE-UP**
**AUGLÝST SÍÐAR Á INSTAGRAM**

Miðaverð 2000kr
Húsið opnar 19:30 þar sem boðið verður uppá fordrykkk

@bolid270

# Félagsmiðstöðin Bólið

**Félagsmiðstöðin Ból býður upp á frábæra fræðslu fyrir foreldra unglinga í 7. - 10. bekk þriðjudaginn 22. nóvember.**

**Síðast liðinn mánuð hefur Bólið staðið fyrir herferð gegn orkudrykkjum og boðið unglingum í 7. - 10. bekk upp á orkudrykkjafræðslu.**

**Við bjóðum foreldrum að taka þátt í fræðslunni sem er frá kl 17:30 - 18:15.**

Hlekkur verður sendur út á Mentor

bolid270
www.bolid.is

# Uppbygging leikskóla í Mosfellsbæ

Síðustu vikur hefur verið að störfum starfshópur um uppbyggingu leikskóla í Mosfellsbæ. Tilurð hópsins má rekja til þess að nauðsynlegt þótti að rýna betur í áætlanir sveitarfélagsins um byggingu annars leikskóla í Helgafellslandi.

Frá því að upphaflegar áætlanir voru settar fram um mitt síðasta ár hefur kostnaður við byggingu skólans aukist um 56% bæði vegna verðlagshækkana og einnig vegna kostnaðar við að byggja á óhentugri lóð. Heildarkostnaður hefur verið áætlaður um 1900 milljónir en það er án búnaðar. Þessa kostnaðaráætlun þarf að endurskoða í heild sinni. Það væri óábyrgt af núverandi meirihluta að gera það ekki og gefa sér ekki tíma til að ræða hvort þetta sé besta leiðin fyrir Mosfellsbæ.

Á sama tíma og bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja drífa í þessu og bjóða út bygginguna eru önnur sveitarfélög að fá engin tilboð eða tilboð sem eru langt umfram kostnaðaráætlun í sambærilegar byggingar. Tímasetningin á því að bjóða út slíkt verk hefur því verið einstaklega óhentug þar sem mikil þensla er á byggingamarkaði. Við sjáum það líka á öðrum verkefnum en eins og komið hefur fram þá bárust engin tilboð í þjónustubyggingu við Varmá í vor.

**Niðurstaða**

Niðurstaða starfshópsins er að það sé vissulega heppilegast að byggja annan leikskóla í Helgafellslandi. Það geti þó ekki verið fyrir opinn tékka. Við verðum að setja okkur raunhæf markmið og ná byggingarkostnaði niður. Það er hægt að gera með ýmsum hætti og einn af þeim þáttum sem hefur áhrif eru tímasetningar. Bæði hvenær boðið er út og hvaða tímarammi er á verkinu sjálfu. Því meira sem við flýtum okkur því hærri kostnaður.

Niðurstaða hópsins er einnig sú að Mosfellsbær geti áfram stækkað leikskólastarfsemi sína og tekið á móti þeim fjölda barna sem þurfa pláss á allra næstu árum þó að leikskólinn verði ekki byggður alveg strax. Kostnaðurinn við það verður alltaf réttlætanlegur og aðstaðan nýtt til framtíðar.

**Áframhaldandi góð þjónusta**

Mosfellsbæ hefur vegnað vel að takast á við aukinn fjölda leikskólabarna á síðustu árum og náð að bæta þjónustuna við ung börn á sama tíma og bærinn stækkar. Nýr meirihluti mun taka við keflinu og halda uppbyggingunni áfram. Það er þó mikilvægt að gæta að því að rekstur leikskóla snýst ekki bara um húsnæði. Starfsumhverfið í leikskólum og „vinnudagur“ leikskólabarna er eitthvað sem við sem samfélag þurfum að ræða og takast á við. Það er mikilvægt í þessu samhengi að muna að eitt hentar ekki öllum þegar kemur að þjónustu við ung börn og fjölskyldur þeirra og fjölbreytni er mikilvæg. Stórar einingar, litlar einingar, dagforeldrar, einkareknir skólar og jafnvel heimgreiðslur til foreldra ættu allt að vera leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum.

Undirrituð þakkar öllum sem að vinnunni komu en í hópnum voru fulltrúar frá meirihluta og minnihluta í bæjarstjórn ásamt starfsfólki Mosfellsbæjar. Það var gagnlegt að taka samtalið í þessu ferli og ég hlakka til áframhaldandi samstarfs þar sem raddir allra fá að heyrast og viðhöfð eru lýðræðisleg vinnubrögð.

*Aldís Stefánsdóttir,*
*bæjarfulltrúi Framsóknar*

# Verður áfram best að búa í Mosó?

Á dögunum fór fram fyrri umræða um fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar. Að mörgu leyti er hún skynsamleg og góð enda byggð á góðum grunni stefnumótunar og vinnu undanfarinna ára.

Það er þó áhyggjuefni þegar brýnum framkvæmdum er skotið á frest. Samkvæmt áætlun er tveggja ára seinkun á uppbyggingu á íþróttasvæðinu að Varmá auk þess sem leikskólinn sem rísa átti í Helgafelli hefur verið settur á bið og óvíst hvert framhaldið verður. Hvort tveggja eru þetta framkvæmdir sem ráðast átti í strax á þessu ári og vera langt komnar á því næsta.

Athygli vekur að á meðan uppbygging nýja leikskólans hefur verið stöðvuð á að leggja 225 milljónir í bráðabrigðalausn á leikskólaplássum.

Þá munu Mosfellingar nú búa við einna hæstu álögur og gjöld sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hugsanlega að frátöldum Reykvíkingum. Fasteignagjöld munu nefnilega hækka svo að um munar þó svo að fréttatilkynning frá meirihluta í bæjarstjórn hafi gefið annað í skyn. Sú tilkynning hljóðaði nefnilega upp á að fasteignaskattar muni lækka. Þar var í sjálfu sér ekki farið með rangt mál. Fasteignaskattar lækka vissulega lítillega. Þessi lækkun hefur þó afar takmörkuð áhrif til lækkunar á fasteignagjöldum sem í reynd munu því hækka um að minnsta kosti 15% og það munar um minna þegar horft er til umtalsverðra hækkana á fasteignamati ásamt síauknum útgjöldum heimilanna. Til viðbótar verður útsvar hækkað í það hámark sem lög heimila.

Það má velta fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að hækka álögur og gjöld á íbúa eingöngu vegna þess að lög gefa kost á því? Væri ef til vill nærtækara að taka pólitíska ákvörðun um að keyra af stað þau verkefni sem fram undan eru og geta verið veigamiklir tekjustofnar á komandi árum í stað þess að sækja tekjurnar beint í vasa bæjarbúa?

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram alls 9 tillögur til breytinga á fjárhagsáætlun. Þær tillögur miða m.a. að því að lækka álögur og gjöld á íbúa, flýta framkvæmdum að Varmá ásamt leikskólanum í Helgafelli.

Jafnframt að leggja áherslu á úthlutun lóða í 5. áfanga Helgafellshverfis og í Hamraborg, sem til stóð að gera á þessu ári með tilheyrandi tekjum fyrir sveitarfélagið.

Að lokum má svo leiða hugann að því hvort þessi framsetning á upplýsingum er varða lækkanir á fasteignasköttum sé í samræmi við þær áherslur sem boðaðar voru í málefnasamningi nýs meirihluta, um heiðarleika og gagnsæi.

Verður áfram best að búa í Mosó?

*Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins,*
*Jana Katrín Knútsdóttir*
*Ásgeir Sveinsson*
*Rúnar Bragi Guðlaugsson*
*Helga Jóhannesdóttir*


Fasteignamiðlun
Atvinnueign
Síðumúli 13, 108 Reykjavík | S. 577 5500 | **atvinnueign.is**

**Halldór Már** Löggiltur fasteignasali **s. 898 5599**
**Evert** Löggiltur fasteignasali **s. 823 3022**
**Ólafur Ingi** Löggiltur fasteignasali **s. 847 7700**
**Ólafía** Löggiltur leigumiðlari **s. 864 2299**
**Davíð Jens** Löggiltur leigumiðlari **s. 846 7495**

**Atvinnu- og geymslurými að Brúarfljóti**



Atvinnueign kynnir til leigu 25,6 fm og 51,2 fm atvinnu- og geymslurými að Brúarfljóti í Mosfellsbæ. Bílastæði fylgir hverju rými. Lóð verður afgirt og með aðgangsstýringu.
**Nánari upplýsingar veitir Davíð Jens Guðlaugsson, löggiltur leigumiðlari í síma 846-7495 eða í tölvupósti á david@atvinnueign.is.**

**Skannaðu kóðann og skoðaðu eignina**

Innritun á vorönn stendur yfir til og með **30. nóvember**

Borgarholtsskóli

- Afreksíþróttasvið
- Bíliðngreinar
- Bóknám
- Félagsvirkni- og uppeldissvið
- Framhaldsskólabraut
- Málmiðngreinar
- Listnám
- Sérnámsbraut

Fylgstu með okkur

borgo_skoli

Borgarholtsskoli

**borgo.is**



# TILBOÐ

**UNGNAUTA RIBEYE**
*6.749 kr/kg*
*verð áður 8.998 kr/kg*

**HASSELBACK KARTÖFLUR**
*199 kr/stk*
*verð áður 349 kr/stk*

**BERNAISESÓSA**
*498 kr/stk*
*verð áður 798 kr/stk*

**NAUTA CARPACCIO**
*7.498 kr/kg*
*verð áður 9.998 kr/kg*

KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

*GRENSÁSVEGI 48 - REYKJAVÍK OG SUNNUKRIKA 3 - MOSFELLSBÆ*

# Aðstöðuleysi Aftureldingar

Ég er í grunninn frekari bjartsýn og jákvæð manneskja sem ég held að hafi komið sér afar vel í starfi mínu sem formaður Aftureldingar en það verður samt að viðurkennast að það verður erfiðara og erfiðara með tímanum.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga sl. vor voru væntingar keyrðar upp úr öllu valdi og þar spilar enginn flokkur frítt. Flestir ef ekki allir flokkar vildu allt fyrir okkur gera og lofuðu að bæta aðstöðu iðkenda Aftureldingar.

Nú hafa verið lögð fram drög að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar næstu fjögur árin. Vonbrigðin eru gríðarleg svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Árið 2019 á 110 ára afmæli Aftureldingar gaf Mosfellsbær okkur það að gjöf að þarfagreina svæðið og aðstöðuna að Varmá.

Eftir mikla vinnu við þarfagreiningar var niðurstaðan sú að byrja á því að reisa langþráða þjónustubyggingu. Þjónustubygging nýtist öllu félaginu mjög vel. Hún myndi rúma það sem okkur vantar hvað sárast:

- Vel búnir búningsklefar og aðstaða fyrir sjúkraþjálfara
- Aðstaða til styrktarþjálfunar fyrir Aftureldingu
- Félagsaðstaða sem sárvantar
- Aðstaða fyrir þjálfara sem er engin í dag

Eins og flestir vita átti að vera byrjað á þessari byggingu en engin tilboð bárust sem þá gáfu fólki færi á að stækka hana sem allir eru ánægðir með. Við fulltrúar Aftureldingar vorum kölluð á fund um miðjan júní þar sem fullyrt var að þetta verkefni myndi ekki tefjast lengur en um ár, við gátum alveg lifað með því þar sem við sáum að það mundi bætast við búningsklefa og rýmið til styrktarþjálfunar stækka svo eitthvað sé nefnt. En frestunin verður greinilega töluvert lengri miðað við framlagða áætlun.

Við erum orðin langþreytt á að bíða eftir tímasettri framtíðarsýn Mosfellsbæjar sem margsinnis hefur verið kallað eftir. Jú, vissulega hljómar það vel að á kjörtímabilinu eru á dagskrá tveir gervigrasvellir, fullbyggð stúka og þjónustubygging. Það sem verra er að aðeins áætlun næsta árs er bindandi og miðað við hvernig verkefni hverfa út af áætlunum þá er erfitt að trúa því og treysta að verkefnin munu raungerast. Ég er því hóflega bjartsýn en vona það besta.

Við í Aftureldingu sjáum okkur því knúin til að boða til opins fundar um aðstöðumálin okkar til þess að freista þess að opna augu fólks fyrir því hvernig raunstaðan er, á sama tíma gefst kjörnum fulltrúum tækifæri á að útskýra betur fyrir okkar félagsmönnum þeirra framtíðarsýn.

Auðvitað er þessi aðstöðuvandi ekki til kominn á stuttum tíma og við gerum okkur grein fyrir að það tekur tíma að vinda ofan af verkefninu en betur má ef duga skal.

Áfram Afturelding.

*Birna Kristín Jónsdóttir,*
*Formaður Aftureldingar*

# Útsvar og fasteignagjöld

Í málefnasamningi Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar segir að álagningarprósentur fasteignagjalda verði lækkaðar til að koma til móts við hækkun fasteignamats og í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun er staðið við það markmið meirihlutans.

Það er ánægjulegt að hægt sé að standa við þessa lækkun án þess að þurfa að skera niður í þjónustu við bæjarbúa heldur þvert á móti að geta svarað kalli um aukna grunnþjónustu og áframhaldandi innviðauppbyggingu.

Við fyrri umfjöllun um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn lögðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram breytingartillögu um óbreytt útsvar og lækkun álagningar fasteignagjalda þannig að raunhækkun verði ekki umfram vísitölu.

Rétt er að taka fram að hér er um nýja nálgun að ræða sem aldrei hefur verið notuð í Mosfellsbæ. Breytingartillagan myndi þýða 147 milljóna kr. lægri tekjur sveitarfélagsins og til að mæta þessari lækkun leggja þau til að áætlaðar tekjur af byggingarrétti verði hækkaðar.

**Fasteignagjöld**

Í fjárhagsáætlun sem farið hefur í gegnum fyrri umræðu var, við ákvörðun um álagningarprósentur fasteignagjalda, stuðst við sömu aðferð og notuð hefur verið undanfarin ár. Heildarálagning lækkar úr 0,684% í 0,660%.

En hvað þýða breyttar álagningarprósentur fyrir íbúa? Fyrir íbúðarhúsnæði með fasteignamat árið 2023 upp á 99.350.000 kr., og hækkun á fasteignamati frá 2022 um 32,37%, þá hækka fasteignagjöld samtals um 1.657 kr. á mánuði umfram verðlag.

Við viljum ekki gera lítið úr því að þessi hækkun getur verið áskorun fyrir þá tekjulægri en við viljum vekja athygli á því að afslættir Mosfellsbæjar af fasteignagjöldum til eldri borgara og öryrkja eru með þeim hæstu sem veittir eru á höfuðborgarsvæðinu.

**Útsvar**

Útsvarið er í fjárhagsáætluninni hækkað upp í löglegt hámark eða 14,52%. Það hefur verið helsta gagnrýni ríkisins í samningaviðræðum um tekjustofna sveitarfélaga að á sama tíma og sveitarfélögin eru að óska eftir auknum framlögum frá ríkinu til þess að standa undir lögbundinni þjónustu þá séu sveitarfélögin ekki að fullnýta tekjustofna sína.

Fyrir Mosfellsbæ er mjög mikilvægt að unnt verði að semja við ríkið um hækkun tekjustofna, sérstaklega því að við viljum geta staðið að því með sóma að veita fötluðum íbúum þá lögbundnu þjónustu sem þeir eiga rétt á.

**Áhrif á íbúa**

Hækkun á útsvarinu þýðir samtals tekjuaukningu upp á 26 milljónir kr. á árinu 2023 eða að meðaltali hækkun um 250 kr. á mánuði fyrir hvern útsvarsgreiðanda.

**Ábyrg fjármálastjórn**

Í ábyrgri fjármálastjórn sveitarfélags er mikilvægt að tryggja að tekjur af rekstri sveitarfélagsins standi undir kostnaði við þá þjónustu sem sveitarfélög veita enda er hún ótímabundin. Þar af leiðandi þarf að tryggja að veiting þjónustunnar sé ekki háð því að einskiptistekjur, eins og tekjur af byggingarrétti, skili sér til sveitarfélagsins.

Þær tekjur sem sveitarfélagið fær samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun gera okkur kleift að bæta þjónustu við börn, fatlaða og eldra fólk ásamt því að styrkja stjórnsýslu bæjarins svo hægt verði að standa undir þeim stóru verkefnum sem fram undan eru. Eins er hugað að því að dreifa byrðunum af fyrirhugaðri uppbyggingu bæjarins, bæði á núverandi íbúa og íbúa framtíðarinnar, með því að einskiptistekjur eins og af byggingarrétti séu nýttar í þessa uppbyggingu.

*Anna Sigríður Guðnadóttir, oddviti Samfylkingar*
*Lovísa Jónsdóttir, oddviti Viðreisnar*
*Halla Karen Kristjánsdóttir, oddviti Framsóknar*

# Bætt þjónusta og framtíðarsýn í fjárhagsáætlun

Meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar hefur nú lagt fram sína fyrstu fjárhagsáætlun og ber hún merki um nýjar áherslur.

Rekstrarumhverfi sveitarfélaga er snúið þessi misserin m.a. vegna hárrar verðbólgu og afleiðinga innrásar Rússa inn í Úkraínu. Misjafnt er hvernig sveitarfélög taka á aðstæðum.

Sum hver hafa ákveðið að fara í niðurskurð, uppsagnir og skerðingu á þjónustu til að mæta áskorununum. Við höfum ákveðið að fara ekki þá leið.

**Bætt þjónusta**

Mikilvægi skólaþjónustunnar er óumdeilt og styrking hennar tímabær. Það ætlum við að gera og fyrstu skrefin verða tekin á næsta ári með ráðningu sérfræðings. Við hleypum líka krafti í vinnu við innleiðingu farsældarlaga sem krefjast nýrra vinnubragða og tökum upp þráðinn við innleiðingu hugmyndafræði barnvæns samfélags. Þessum áföngum verður ekki náð nema að bæta þjónustu við börn.

Fjármagn til velferðarþjónustu hækkar um tæplega hálfan milljarð milli ára. Þar má nefna fjölgun NPA samninga og búsetuúrræða, aukningu skammtímavistunar fatlaðra barna, eflingu Úlfsins og styrkingu í ráðgjöf við börn og fjölskyldur.

Við bætum heimaþjónustu og gerum ráð fyrir stóraukningu á félagslegu innliti til þeirra samborgara okkar sem þá þjónustu þurfa. Við festum í sessi betri matarþjónustu með heimsendingu matar um helgar.

Mosfellsbær er að fara inn í tímabil mikillar uppbyggingar og til að sú uppbygging gangi vel fyrir sig er nauðsynlegt að styrkja innviði stjórnsýslunnar. Reyndar er sú styrking löngu tímabær. Aukið verður við stöðugildi inni á umhverfissviði og ráðinn verður lögfræðingur.

Þessar breytingar eru bráðnauðsynlegar svo allur undirbúningur og vinna við skipulagsmál nýrra uppbyggingarsvæða verði marviss og að stjórnsýsla bæjarins hafi getu til að takast á við þau stóru viðfangsefni. Þessi mikla uppbygging mun skila bæjarsjóði auknum tekjum í framtíðinni og þar af leiðandi mikilvægt að setja hana í forgang.

**Framkvæmdir**

Við erum að leggja fram mjög metnaðarfulla fjárfestingaráætlun með skýra sýn um uppbyggingu til framtíðar. Strax á næsta ári eru fyrirhugaðar miklar framkvæmdir. Má þar sérstaklega nefna framkvæmdir vegna nýrra lagna í óbrotnu landi á fyrirhuguðu athafnasvæði í landi Blikastaða. Hér er um stóra fjárfestingu að ræða fyrir sveitarfélagið en jafnframt nauðsynlegan þátt í undirbúningi að byggingu þess hverfis sem mun í framtíðinni auka tekjur sveitarfélagsins og skapa ný atvinnutækifæri fyrir Mosfellinga.

Viðhaldsverkefni sveitarfélagsins eru fjölmörg í fjárhagsáætluninni. Í Mosfellsbæ hefur byggst upp viðhaldsskuld í áranna rás og vill meirihlutinn vinna markvisst á henni. Í viðhaldi viljum við ganga alla leið og gott dæmi þar um er Kvíslarskóli. Að sönnu eru fjárhæðirnar sem áætlaðar eru í viðhald og endurbætur þess skóla háar en meirihlutinn vill ljúka verkinu, ekki taka smábúta hér og þar.

**Gott samfélag**

Við viljum fjárfesta í fólki. Það er stöðugt ákall eftir meiri og betri þjónustu sveitarfélaga og viljum við svara því kalli innan þess ramma sem ábyrg fjármálastjórn veitir okkur. Að reka gott samfélag þar sem hugað er að þörfum allra og pláss er fyrir okkur öll kostar.

Fjármagn til rekstrarins verður að koma úr þeim reglulegu tekjustofnum sem við höfum yfir að ráða. Þannig mun þessi meirihluti nálgast fjármálastjórn sveitarfélagsins.

*Bæjarfulltrúar Framsóknar,*
*Samfylkingar og Viðreisnar.*

# Nú kemur þetta hjá okkur!

Ég hef verið iðkandi, þjálfari, foreldri og sjálfboðaliði í Aftureldingu frá því ég flutti í Mosfellsbæ.

Á þessum tíma, sem spannar nú nokkra áratugi, hef ég upplifað alls konar, eins og gerist og gengur innan íþróttafélaga. En það sem stendur upp úr fyrir mig er allt það frábæra fólk sem ég hef kynnst.

Að starfa fyrir og í kringum klúbbinn er ofboðslega gefandi en það getur líka verið erfitt. Sérstaklega þegar maður upplifir að hlutirnir gangi ekki eins og maður hafði haft væntingar um, viðhald og uppbygging sé ekki í takt við þarfir félagsins á hverjum tíma sem leiðir af sér alls konar erfiðleika á borð við ófullnægjandi aðstöðu, yfirfullar deildir og biðlista, erfiðleika þegar kemur að því að halda í og laða að góða þjálfara og leikmenn, og síðast en ekki síst, halda í og fjölga sjálfboðaliðum, sem vinna gríðarlega óeigingjarnt og algjörlega ómetanlegt starf í þágu félagsins.

Á næstu árum stendur til að fara í mikla uppbyggingu að Varmá. Strax á næsta ári fær Afturelding langþráða aðstöðu fyrir styrktarþjálfun í takti við nútímaþarfir íþróttafólks. Á næsta ári verður líka hafist handa við að uppfæra vellina þar sem meðal annars verður skipt um gervigras og vökvunarbúnaður settur upp og ráðist í gagngera endurnýjun á aðalvellinum okkar sem er löngu tímabært.

Þjónustubyggingin er á dagskrá eins og ákveðið hefur verið og stefnt að því að hún verði byggð á kjörtímabilinu.

Á næstu dögum verður skipaður starfshópur á vegum Mosfellsbæjar sem hefur það hlutverk að leggja fram fullbúna, tímasetta tillögu að framtíðarskipulagi Varmársvæðisins.

Í þeirri vinnu þarf að taka tillit til hagsmuna og ábendinga allra þeirra sem starfa á svæðinu og umgangast það. Til dæmis Aftureldingar, almennings sem umgengst svæðið sem sitt íþrótta- og útivistarsvæði, grunnskólakennara og grunnskólanema og annarra sem starfa á svæðinu.

Lögð verður áhersla á að hópurinn skili niðurstöðum á skýran og myndrænan hátt. Þessi vinna mun þó ekki hafa áhrif á þau verkefni sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í eins og endurnýjun valla og nýja þjónustubyggingu.

Ég veit og skynja að það er komin þreyta í hópinn og skil það svo vel. Á sama tíma hef ég aldrei verið eins vongóð og spennt fyrir því sem koma skal að Varmá.

Aftureldingarfólk hefur sýnt það og sannað að í því býr seigla, leikgleði og framsýni. Við þurfum á öllu okkar góða fólki að halda og saman sköpum við betra samfélag sem styður við börnin okkar og gefur okkur sjálfum ánægjuna af því að hafa tekið þátt í uppbyggingunni.

*Virðingarfyllst,*
*Erla Edvardsdóttir, formaður*
*íþrótta-og tómstundanefndar.*

WWW.MOSFELLINGUR.IS

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

FÓTAAÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

*Þverholti 3 - Sími: 566-6612*

SteinTeppi.is

*Gólfefna lausnir fyrir heimili og fyrirtæki*

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.afltak.is

DRIF

Vision Global Lighting Systems

WARN

Aukaljós á bíla og báta.
Toppgrindur, fjöðrun, dráttarspil, ferðavörur o.fl.

Völuteig 21, Mosfellsbæ
s. 517-2900
www.drif.is - drif@drif.is

ARB

Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

**Vespu-, bifhjóla- og bílpróf**

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

**Minnum á AA fund í Hlégarði alla mánudaga kl. 21:00**

**VERIÐ VELKOMIN!**

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

www.bmarkan.is

*Viltu selja?*

**Hafðu samband**
Svanþór Einarsson
*Löggiltur fasteignasali*

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is

togt

Teikni- og tækniþjónusta
WWW.TOGT.IS
togt@togt.is
sími 893 3022

*GERÐ AÐALUPPDRÁTTA*
*VERKEFNA– OG BYGGINGASTJÓRNUN*
*HAGKVÆMISATHUGANIR OG ÁÆTLUNAGERÐ*
*UMSJÓN FRAMKVÆMDA*
*ÁSTANDSKOÐUN FASTEIGNA*

MÓTANDI

www.motandi.is

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI**

**KR. 5.000 + vsk.***

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

## HEILSUMOLAR GAUA

### FÓTBOLTI EÐA BAKSUND?

Er fótboltinn að éta allar aðrar íþróttir? Eru of margir að æfa fótbolta og of fáir að æfa sund? Þetta eru góðar pælingar sem eiga rétt á sér og var kastað út í kosmósið af góðum Mosfellingi í síðustu viku. Ég hef sjálfur áhuga á mörgum íþróttum og hef prófað ýmsar. Byrjaði að æfa fótbolta, svo bættist körfuboltinn við og þessar íþróttir héldu mér uppteknum lengi vel. Ég hef prófað að æfa hokkí (á grasi), sjálfsvarnaríþróttir, klifur og alls konar líkamsrækt með misjöfnum árangri. Náði sem dæmi aldrei hokkíinu almennilega þrátt fyrir þokkalegustu viðleitni.

Mín skoðun varðandi vangaveltunar um að vinsældir fótboltans séu á kostnað annara íþróttagreina, er sú að krakkar og flestir fullorðnir sækja í að æfa það sem þeim finnst skemmtilegt. Flóknarara er það ekki. Og það er mikilvægara í þeirra huga að taka reglulega þátt í skemmtilegri hreyfingu í góðum félagsskap með jafningjum sínum en að verða Íslandsmeistari í íþrótt sem þau hafa ekki gaman af því að æfa.

Fótbolti er í dag vinsælasta íþróttagreinin hjá fjölgreinafélaginu Aftureldingu samkvæmt iðkendatölum félagsins fyrir árið 2021 en fimleikadeildin er ekki langt undan og virðist ef eitthvað er vaxa hraðar en fótboltinn. Aðrar greinar eins og t.d. körfubolti eru í hröðum vexti, sem er frábært. Það er jákvætt fyrir heilsueflandi bæjarfélag eins og Mosfellsbæ hversu margir vilja æfa íþróttir hjá aðal íþróttafélagi bæjarins. Það fjölgar líka í sunddeildinni, en fækkar milli ára í frjálsum íþróttum, karate og í hjóladeild Aftureldingar.

Það eru forréttindi að geta valið á milli ellefu skipulagðra íþróttagreina eins og krakkar í Mosfellsbæ geta í dag. Fyrir mér skiptir ekki máli hvaða íþróttagreinar krakkar vilja æfa, aðalmálið er að þau finni það sem þeim finnst skemmtilegast og að þau mæti reglulega. Það styrkir þau og eflir, líkamlega, andlega og félagslega.

**Guðjón Svansson**
gudjon@kettlebells.is

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

# Ort um uppgröft í Hamrahlíð

Blaðinu hefur borist splunkunýtt ljóð eftir Bjarka Bjarnason á Hvirfli.

Tengist það uppgreftinum í Hamrahlíð. Guðrún Jónsdóttir (1852-1936) fæddist þar en varð síðar þekkt fyrir að geyma „brauðið dýra“ í Innansveitarkroniku.

**Hamrahlíð**

Þöglir steinar, svarbrún fold,
rústir einar undir mold.

Ryðguð skeifa, bollabrot,
fornar leifar, gamalt kot.

Kotið bæði kalt og rýrt,
um jólaleytið fæddist hún
sem geymdi í skjólu brauðið dýrt.

UPPGRÖFTUR

Vegna mikillar sölu leitum við að
**öllum gerðum eigna** í þínu hverfi.
Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma **695 5520** eða með tölvupósti **jon@miklaborg.is** eða við **Óskar** í síma **691 2312** eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

Bókið skoðun og fáið frítt verðmat

Jón & Óskar

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## Stöðuuppfærslur in your face

**Guðmundur Guðlaugsson**
Uppáhaldsbakarí okkar Mosfellinga er vitanlega Mosfellsbakarí. Hins vegar hefur ítölsk hönnun afgreiðsluborðsins gert þolinmæði að meiri dyggð en mér er tamt. Biðin gat samt framkallað eina litla vísu:
Bakarísins kýs ég kost,
en kann ekki við biðina.
Ég kaupi brauð og köku og ost
í Krónunni við hliðina.
*5. nóvember*

**Sylgja Dögg**
Heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ 10 ára. Við vorum fyrst og núna eru 94,4% landsmanna í heilsueflandi samfélagi - ótrúlegur árangur og viljum ná 100% :) #lydheilsuthing
*10. nóvember*

**Asta Jonsdottir**
Nú spyr fávís kona úr kjúllabænum Mosó... Hvar er hægt að kaupa tilbúinn kjúkling á þessum tíma dags??
*3. nóvember*

**Jóna Dís Bragadóttir**
Hlotnaðist sá heiður í dag að taka á móti gullmerki Landssambands hestamannafélaga ásamt þessum frábæra hópi. Fátt hefur tekið eins mikinn tíma og líka veitt mér eins mikla gleði í lífinu og að starfa sem sjálfboðaliði fyrir hestamenn.
Hvort sem það var að vera formaður í stóru hestamannafélagi, varformaður landssambandsins, þylja á hinum ýmsu mótum fyrir hin ýmsu hestamannafélög, sitja í óteljandi nefndum, fara í óteljandi ferðir um landið og til útlanda fyrir hestamenn, skipuleggja óteljandi viðburði s.s. mót, mótaraðir, málþing og þing. Sjálfboðavinnan hefur verið skemmtileg og ég hef eignast mína bestu vini í þessu sport, sem tók allan minn tíma í mörg ár :) Takk fyrir mig.
*4. nóvember*

facebook


GARÐMENN
...gerum garðinn frægan!
Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.
**Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.**
Sími 893 5788

Bílapartar ehf
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

SG VERK
Öll almenn smíði
Fagleg og vönduð vinnubrögð
779-9760 Sumarliði / Gísli 779-9761

Öll almenn vörubíla- og kranaþjónusta
- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttuþjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

MALBIKSTÖÐIN

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~
BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR
Flugumýri 2 - Sími 566-6216

CODE: MOSO
CODE: MOSO
10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM
fyrir Mosfellinga
www.fyrirfreyju.com @fyrirfreyju

Sjúkraþjálfun & Sjúkranudd
HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR
Urðarholt 4 Mosfellsbær Sími 578 5080

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
SJÓVÁ TM VÍS VÖRÐUR
Frí Tjónaskoðun
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is
554 2510

Nýir Mosfellingar
Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS

VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1968
896-9443 896-2279
ÞAÐ SEM TIL ÞARF

OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA
Lágafellslaug
Virkir dagar: 06.30 - 22.00
Helgar: 08:00 - 19:00
Varmárlaug
Virkir dagar: 06.30-21:30
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

## HEYRST HEFUR...

...að meistaraflokkur Aftureldingar í fótbolta standi fyrir styrktartónleikum með GDRN í Harðarbóli í kvöld.

...að jólatrjásalan í Hamrahlíð hefjist með glæsilegri opnun laugardaginn 10. desember.

...að Twitter-kóngurinn og milljarðamæringurinn Haraldur ætli sér að reisa paradís fyrir listamenn á Kjalarnesi.

...að Afturelding blási til íbúafundar næsta miðvikudag vegna aðstöðuleysis, 6 mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

...að Ari Eldjárn verið með uppistand í Hlégarði laugardaginn 3. desember.

...að til standi að halda upp á 100 ára afmæli Brúarlands í desember.

...að bókin Jólasveinarnir í Esjunni eftir Lalla Ljóshraða sé komin út.

...að Regína bæjarstjóri sé að kaupa sér hús í Holtunum í Mosó.

...að Stöllurnar verði með jólatónleika í Bæjarleikhúsinu í kvöld, fimmtudaginn 17. nóvember.

...að Apótek Mos hafi nú breyst í Lyfju.

...að Jólagarðurinn við Hlégarð muni lýsa upp skammdegið á nýjan leik og verður kveikt á ljósadýrðinni um helgina.

...að markaskorarinn Andri Freyr sé kominn aftur í raðir knattspyrnudeildar Aftureldingar.

...að búið sé að opna fyrir umferð á nýja frárein frá Vesturlandsvegi yfir í Sunnukrika.

...að Þorkell Jóels og hljómsveitin Blek og byttur muni leika á sveitaballi á Barion á laugardagskvöldið.

...að íbúar í Leirvogstungu séu að fara að útbúa aðkomuskilti við komuna inn í hverfið.

...að það sé rýmingarsala í Jako út næstu viku, þar sem verslunin flytur brátt úr Kópavogi á Hálsana.

...að Blik sé nú lokað vegna framkvæmda en opni með pompi og prakt og nýjum rekstraraðilum 1. desember.

...að markvörðurinn Anton Ari hafi hlotið gullhanskann fyrir frammistöðu sína í sumar en hann hélt markinu oftast hreinu í Bestu deild.

...hinn árlegi jólabasar eldri borgara fari fram á Hlaðhömrum á laugardaginn.

...að hljómsveitirnar Á móti sól og Paparnir ætli að halda svaka jólaball í Hlégarði laugardaginn 17. desember.

...að kveikt verði á jólatrénu á Miðbæjartorginu 26. nóvember og markaðir og heitt kakó í Kjarnanum.

...að hundurinn Tumi sé sloppinn.

...að haldið verði BarSvar á Barion í kvöld þar sem Þorgeir Leó og Wentzel Steinarr stýra Pub Quiz.

...að Stormsveitin sé að fara að gefa út plötu með frumsömdum lögum eftir Arnór Sig. og Kristján Hreinsson.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

**Hinrik Örn fæddist 26. ágúst 2022. Hann var 4.362 gr og 52 cm. Fyrsta barn foreldra sinna. Foreldrar eru Ragnhildur Hjartardóttir og Jón Andri Óskarsson.**

## Góðverk dagsins í Krikaskóla

Starfsfólk Krikaskóla vill koma á framfæri þökkum til konunnar sem var á gangi með hundinn sinn og færði skólanum þessa fallegu gjöf sem kemur sér vel fyrir kalda fingur í vetur.

## TAKK FYRIR

Björgunarsveitin Kyndill þakkar Mosfellingum fyrir góðar viðtökur á Neyðarkallinum.

Þökkum þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu okkur með kaupum á honum.

# Í eldhúsinu

HJÁ ÞORSTEINI ÓLA

## Pestó kjúlli

Þorsteinn Óli Hannesson deilir með okkur Mosfellingum uppskrift að þessu sinni.

**Hráefni**

- 6 úrbeinuð kjúklingalæri frá Ísfugli
- 4 stk hvítlauksrif, söxuð smátt
- 1/2 l matreiðslurjómi
- 1 stk piparostur
- 1 krukka rautt pestó
- 2 msk sojasósa
- Setjið um 1/2 -1 msk af smjöri á pönnu og léttsteikið hvítlaukinn.

**Aðferð**

Bætið þá matreiðslurjóma, piparosti, rauðu pestói og sojasósu saman við, bræðið ostinn og smakkið sósuna til. Brúnið kjúklingalærin á annarri pönnu, á hvorri hlið og setjið síðan í eldfast mót. Hellið sósunni yfir kjúklinginn og látið inn í 175°C heitan ofn í um hálftíma eða þar til kjúklingalærin eru fullelduð. Með þessu ber ég fram hrísgrjón og ferskt salat.

*Verði ykkur að góðu!*

**Þorsteinn Óli skorar á Alexíu Gerði Valgeirsdóttir að deila næstu uppskrift í Mosfellingi**

# DJÚP-MOSÓ Á SKJÁUM ALLRA LANDSMANNA

Þessi dægrin standa yfir tökur á sjónvarpsþáttunum Aftureldingu eins og margir bæjarbúar hafa eflaust orðið varir við. Þættirnir fjalla um mosfellska handboltagoðsögn, Skarphéðin (Ingvar E), sem snýr heim eftir bremsufar á þjálfaraferlinum og fær óvænt og óverðskuldað kvennalið Aftureldingar í hendurnar.

Þættirnir eru blanda af drama, gríni og alvöru hasar á handboltavellinum. Eitthvað sem ég er viss um að harpixsjúk þjóð muni tengja sterkt við og hlæja og gráta með persónum þáttanna.

Ég er svo lánsamur að vinna að þessari þáttaröð á bakvið tjöldin en það eru komin rúm 8 ár síðan æskuvinur minn, Halldór Laxness Halldórsson, og einn handritshöfundur þáttanna fór að segja mér frá grunnhugmyndinni. Mitt hlutverk í því ferli var að passa að harpixið væri á réttum stöðum. Núna á seinni stigum hef ég verið að þjálfa leikkonurnar sem hafa lagt á sig gríðarlega vinnu við að gerast handboltastjörnur.

Ég er viss um að þessi þáttaröð muni hitta í mark þegar hún verður sýnd um páskana en hún mun mynda enn sterkari tengingu fyrir okkur Mosfellinga. Þar sem sögusvið þáttanna er okkar ástkæri heimabær og margar senurnar gerast í djúp-Mósó. Stöðum eins og Varmá, þar sem við slitum barnsskónum, í kringum Reykjalund og öðrum rótgrónum hlutum bæjarins.

Ekki bara það heldur verða þættirnir einnig sýndir víða í Evrópu. Þetta er Eyjafjallajökulsgos okkar Mosfellinga. Áður en við vitum af verða rútur fullar af þýskum og sænskum handboltaunnendum mættar að Varmá til að berja gersemina augum. Ætli nýja anddyrið að Varmá verði tilbúið þá?

Að lokum vil ég hrósa Aftureldingu, deildunum og starfsmönnum íþróttahússins fyrir jákvætt og gott viðmót. Því það eru milljón boltar á lofti í svona framleiðslu og töluvert rask sem fylgir þegar flóknum degi. Bravó.

ÁSGEIR JÓNSSON

# SMÁ AUGLÝSINGAR

**Veski í óskilum**
Þetta veski varð eftir í brekkunni í Álafosskvos að loknum brekkusöng Í túninu heima. Hafið samband í gegnum mosfellingur@mosfelling-ur.is ef þið kannist við.

**Stríðsmunir**
Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 822-5344. Tryggvi.

**Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**ÞÚ GETUR AUGLÝST FRÍTT**
(...allt að 50 orð)

**Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst:**
*mosfellingur@mosfellingur.is*

**NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT**
**8. DES.**

*Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**Tek að mér alla krana- og krabbavinnu**

***Útvega allt jarðefni***

**VÖRUBÍLL Þ.B.**
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142

**Sérhæfum okkur í uppsetningu á innréttingum**

koverktakar@gmail.com

**K.O.Verk**
695 0825

**FHS**
Hjálmar Guðmundsson
Löggildur húsasmíðameistari
s:6959922
fhsverk@gmail.com

**GLERTÆKNI ehf**
Völuteigi 21
*- gler í alla glugga -*
S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

www.arioddsson.is
**ARI ODDSSON EHF**
BYGGINGAVERKTAKI
*MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA*
*FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI*
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

**GÓÐIR MENN EHF**
Rafverktakar
GSM: 820-5900




- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

*Löggiltur rafverktaki*

**IcePort**
Icelandic Trade Partner
Heyrnartól - Snjallperur - Hátalarar - Hitafatnaður
Brúsar og nestisbox sem halda heitu eða köldu
Leikföng - Snjallúr - Símahulstur og margt fleira
**Vefverslun - iceport.is**

**MG LÖGMENN**
Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa
Skilnaðarsamningar - Slysamál
Gallar í fasteignum
*Persónuleg þjónusta*
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892 - Komum til að standenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson
S: 896 8242

Jóhanna Eiríksdóttir

Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

**BílaGlerið**
Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**ARTPRO**
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

**ökukennsla HREIÐARS**
8201616
ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

**Hvenær má byrja að hlusta á jólalög ?**

**THELMA:**
Fjórum vikum fyrir jól.

**ÁSTA:** 1. desember eða í fyrsta jólaboði sem þú ferð í.

**DANÍEL:**
Ekki fyrr en 1. desember.

**LEO:**
Um miðjan október.



**ANDRI:**
Fyrsta í aðventu.

**HAUKUR:**
1. desember.

Skál fyrir jólabjórnum

Boxararnir mættir á fremsta bekk

'96 reunion stelpur í ratleik

Rallýfeðgarnir

@MOSFELLINGUR

## Fylgdu okkur á Instagram...

# HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

Brúðkaupsfínar vinkonur

Vinkonur gera sér glaðan dag

Tvíburafögnuður

Gift og glöð

Heill sé Snorra sextugum

Skálað fyrir afmælisbarninu

arið í dag



Gott þema

**ARNÓR VALUR, ÁRSÓL ELLA OG EGILL NÓI**
**TAKA ÞÁTT Í KRAKKAKVISS FYRIR AFTURELDINGU**

## TVÍFARAR

Eyþór Bragi

Hilmar Smári


## Ertu komin með tíma í jólaklippingu ?

**Jólatímarnir**
**eru fljótir að fara**
Minnum á að bóka
í síma 5176677 eða
kikja á noona.is/sprey

Hárstofan Sprey
**Sími 5176677**
**og á noona.is/sprey**

Er lífið að færa þér þá gleði sem þú vilt eða gæti lífið verið betra ?

Ertu að nota þína hæfileika til fulls eða ertu einfaldlega á sjálfstýringu ?

Hverju þarft þú að breyta í þínu lífi til þess að lifa því lífi sem þú þráir ?

**Markþjálfi hjálpar þér að komast þangað sem þú vilt !**

**Kynningartilboð í Markþjálfun - 3 tímar á 15.000.kr**

**Gjafakort í fótaaðgerð er alltaf tilvalin gjöf**

# Líkami og sál

**Fótaaðgerðastofa**
**Varanleg förðun - Tattoo**
**Markþjálfun**

**likamiogsal.is**
**566 6307**
**Likamiogsal**

**Kynnið ykkur frábæra möguleika á varanlegri förðun og tattoo**
**rnpermanentmakeup**

# ALLT fasteignasala

allt.is - allt@allt.is - 560-5505
Þverholt 2, Mosfellsbær

**ALLT**
ALLT fyrir þig

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
fastmos.is

# MOSFELLINGUR

WWW.MOSFELLINGUR.IS - MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS

GK Snyrtistofa
Kjarna
Þverholti 2
Sími: 846 3424

## LALLADAGURINN HALDINN

*Í tilefni útgáfu bókarinnar Jólasveinarnir í Esjunni, sem byggð er á hugmynd Lárusar Hauks Jónssonar, Lalla Ljóshraða, var efnt til Lalladags í bæjarleikhúsinu í vikunni. Fjöldi fólks fagnaði með Lalla í útgáfuteitinu.*

Mynd/RaggiÓla

Sæktu Landsbanka-appið
App Store
Google Play

Múlalundur
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!
MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is

MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM

Þjónusta við Mosfellinga í 30 ár

Pétur Pétursson
löggiltur fasteignasali
897-0047

Brynjólfur Jónsson
löggiltur fasteignasali
898-9791

Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

BERG FASTEIGNASALA

Barrholt

Vel staðsett 175 fm einbýlishús, þar af bílskúr 35 fm, í grónu og barnvænu hverfi í Mosfellsbænum. Stór lóð, 900 fm. Hellulagt bílaplan með 4 bílastæðum. 4 svefnherbergi. Baðherbergi nýlega endurnýjað og einnig bílskúr. Björt stofa og sólpallur. Laust við kaupsamning.

Leirutangi

92 fm íbúð með sérinngangi á jarðhæð í litlu 4ra íbúða fjölbýli við Leirutanga.
2 svefnherbergi og björt stofa með útgengi í garð. Eldhúsinnrétting er nýleg.
Verð: 59,5 m.

Sætún á Kjalarnesi

Vandað atvinnuhúsnæði, 630 fm á 3.500 fm eignarlóð. 850 fm byggingarréttur fylgir með frábæra staðsetningu á Kjalarnesi. Góð aðkoma. Einnig til sölu á sama stað önnur 5.500 fm eignarlóð með byggingarrétt á húsi allt að 2.300 fm. Miklir framtíðarmöguleikar.

Leirutangi

Glæsileg efri sérhæð í tvíbýli, 256 fm, þar af er tvöfaldur bílskúr 47 fm. Glæsileg lóð og garður. Flott útsýni. Mikil lofthæð og glæsilegar innréttingar. Allt fyrsta flokks. Arinn í stofu. Eldhúsið allt endurnýjað. Gólfhiti í hluta hússins. Frábær staðsetning. Eign fyrir vandláta. Verð: Tilboð.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9-18 • NETFANG: BERG@BERG.IS • WWW.BERG.IS • BERG FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1989